

## Það er líf eftir stjórnsmál

Eygló Harðardóttir, fyrrverandi ráðherra, er nú matreiðslunemi á Hótel Sögu, byggir nútímalegan torfbæ og vinnur ásamt Kvennaathvarfinu að byggingu fjölbýlishúss fyrir þolendur heimilisofbeldis. ➔ 26



Af hverju ekki að breyta til og læra eitthvað nýtt sem manni fellur vel og hefur mikinn áhuga á?

## Pylsan í nýjum búningi

Þjóðarréttur Íslendinga tekinn á næsta stig. ➔ 20



## Örlög Sunnefu

Valdalítill gegn sýslumanni. ➔ 24



## Óreiða og niðurníðsla

Skipulag Laugardalsvallar og kappleikja í ólagi. ➔ 30

**GRILLJÓN**  
ástæður til að grilla

ÁSTÆDA 2

... því það er bongó

**KRÓNAN**

Útskriftar-tilboð

*Mei draumar þínir rotast...*

**Lin** DESIGN

ÍSLENSK HÖNNUN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRATORGI | LINDESIGN.IS


**Jafnaðu þig hjá Orkunni**

Kolefnisjafnaðu aksturinn með Orkulyklinum

Nánar á [orkan.is](http://orkan.is)



## Veður



Norðaustlæg eða breytileg átt 5-13 m/s, hvassast með suðausturströndinni, en hægari austlæg átt. Skýjað um austanvert landið en bjart veður vestan til. Dálítill rigning sunnanlands, en skýjað með köflum og þurrir annars staðar.

**SJÁ SIÐU 36**

## Opna á leiðina að Brúararfossi

**ALMANNARÉTTUR** Umhverfisstofnun hefur dregið til baka ákvörðun um að leggja dagsektir á eigendur jarðarinnar Ártungu í Bláskógabyggð. Stofnunin boðaði sektirnar fyrir þremur vikum vegna „ólög-mætra hindrana á almannarétti meðfram bökkum Brúarár“, eins og segir í bréfi stofnunarinnar.

Fimm dögum eftir að bréfið þar sem dagsektirnar voru boðaðar var sent fékk Umhverfisstofnun tölvupóst frá landeigandanum. Kvaðst hann hafa stækkað op á girðingu í 2,3 metra og fjarlæggt þann hluta af skiltum á staðnum þar sem sagði að öll umferð væri bönnuð.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar fóru samdægurs á svæðið í eftirlitsferð til að kanna aðgengi meðfram Brúará að Brúararfossi. Sannreyndu þeir að skiltið með áletruninni um að öll umferð væri bönnuð væri horfið og að eftir stæði skilti sem á stæði „Private Property“, eða einkaland. Var þá ákveðið að falla frá dag-sektunum. – gar

## Enn ekki samið um þinglok

**STJÓRN MÁL** Þingfundi var slitið síðdegis í gær. Ekkert samkomulag liggur fyrir um framhaldið. Þingmenn hafa fundað bæði formlega og óformlega síðustu daga í þeirri von að ná samkomulagi. Þó að mörg mál hafi klárast í vikunni á enn eftir að ljúka við fjölmörg mál.

Litlu munaði að samkomulag næðist á fimmtudagskvöldið við Miðflokkinn um að ljúka umræðu um þriðja orkupakkann. Það samþykkti þingflokkur Sjálfstæðisflokksins ekki. Fundað verður óformlega um helgina. Alþingi kemur aftur saman á þriðjudaginn. – ab

## Málar bæinn grænan



Margir hafa notað veðurblíðuna undanfarna daga til að koma hlutum í verk utan-dyra í bland við að njóta sólarinnar. Það átti svo sannarlega við þennan málara á Skólavörðustígnum í gær sem var að mála ljósastaur grænan. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Fleiri myndir úr blíðunni er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

## Eyjamenn taka á móti nýjum Herjólf í dag

**SAMGÖNGUR** Formleg móttökuathöfn fyrir nýjan Herjólf fer fram í Friðarhöfninni í Vestmannaeyjum í dag. Athöfnin hefst kl. 14.15 með ræðum samgönguráðherra, forstjóra Vegagerðarinnar, formanns bæjarráðs og fulltrúa Vestmannaeyjaferjunnar Herjólf. Prestur Landakirkju mun blessa skipið og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra formlega nefna það.

Skipið verður svo til sýnis milli kl. 14.30 og 16. Boðið verður upp á veitingar og skemmtiatriði. Skipið verður einnig til sýnis á morgun, sunnudag, frá kl. 16 til 18.

Skipið kom til hafnar í gær og lauk þar með langri bið. Upphaflega átti það að hefja siglingar 20. júní í fyrra. Það dróst til 30. mars á þessu ári vegna rafvæðingar skipsins. Skipið var tilbúið í Póllandi í mars en afhending frestaðist vegna samninga skipasmíðastöðvarinnar og Vegagerðarinnar. Skipið mun sigla á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar. – ab

# Hjólhýsin vinsælust í útilegum landsmanna

Mikil aukning hefur orðið á nýskráningum hjólhýsa en skráningum fellihýsa fækkar ört. Tjaldsvæði landsins eru að fyllast og kjósa flestir landsmenn að gista í hjólhýsum. Tjöldunum hefur fækkað mikið á tjaldsvæðum landsins.

**FERDALÖG** Skráð hjólhýsi hafa aldrei verið fleiri en nú. Alls er 5.161 hjólhýsi í umferð nú en í árslok í fyrra voru þau 4.860. Það sem af er þessu ári hafa verið nýskráð 272 hjólhýsi.

Nýskráningum fellihýsa fækkaði verulega á árunum eftir hrun en þau voru 576 árið 2008 en ekki nema tvö í fyrra. Ástæðuna segir Þórdur Kristjánsson í Útilegummanninum vera þá að fólk vilji aukin gæði ásamt því að fleiri velji frekar að ferðast innanlands en að fara til útlanda.

„Það er meiri sala á hjólhýsum en hefur verið og hún byrjar líka fyrr. Það er alltaf að bætast í hóp hjólhýsaeigenda og fólk vill eitthvað betra en það er vant. Við erum ekki að selja nein fellihýsi og ný fellihýsi eru ekki flutt inn lengur,“ segir Þórdur og bætir því við að fall WOW air gæti mögulega verið ástæða aukinna ferðalaga Íslendinga innanlands. „Allt hefur áhrif í þessu, eins og þegar WOW air fer, þá náttúrulega hættir fólk kannski að fara eins mikið til útlanda. Eða ég sé það þannig.“


Arnar Barðland, framkvæmdastjóri Víkurverks, segir að mikil sala sé á hjólhýsum og ástæðan sé líklega aukin ferðalög innanlands. „Það er bara brjáluð sala, svipað og í fyrra en aðeins meira. Það eru margir nýir viðskiptavinir, fólk sem er að kaupa sér hjólhýsi í fyrsta skipti og ætli það sé ekki bara af því að fleiri ferðast innanlands.“

Tjaldsvæði landsins eru mög hver full af fólki og stærstur hluti þeirra sem þar gista eru í hjólhýsum. „Hér er mjög góð stemning. Nú er þæjumót í gangi svo það er hér fullt af fólki og hér er hlýtt og gott veður. Fullt af fólki en alltaf pláss fyrir fleiri. Flestir eru í hjólhýsum og minna er um að fólk sé í tjaldi,“



Mikil aðsókn hefur verið á tjaldsvæðið á Hraunborgum í sumar og hefur þurft að vísa mörgum vögnum frá um hverja helgi. MYND/DRÍFA BJÖRK LINNET

Það er búið að vera þannig frá því við opnuðum að við höfum þurft að vísa frá svona hundrað vögnum um hverja helgi.



Drifa Björk Linnet, eigandi Hraunborga

segir Hafdis Kristjánsson í Hraunborgum í Vestmannaeyjum.

Á tjaldsvæðinu í Hraunborgum í Grímsnesi hefur verið fullt allar helgar frá því að sumaropnun hófst í maí. „Það er búið að vera þannig frá því við opnuðum að við höfum þurft að vísa frá svona hundrað vögnum um hverja helgi,“ segir Drifa Björk Linnet, eigandi Hraunborga.

„Það er sama og ekkert orðið af fólki sem er með tjöld, það er svona einn og einn að halda í gamla filinginn. Annars er fólk bara með rosalega fina vagna, bara eins og fólk sé með heimili sín í eftirdragi,“ segir Drifa. [birnadrofn@frettabladid.is](mailto:birnadrofn@frettabladid.is)

# TENERIFE

**BÓKAÐU SÓL** ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

Frá kr. 115.145

Frá kr. 128.395

**20. júní í 11 nætur**  
á Hotel Castle Harbour ★★

**595 1000**



+PLÚS



## Sólin sleikt

Veðurbliðan ætlar engan enda að taka. Börn á öllum aldri sleiktu sólina á Klambratúni. Á Skólavörðustíg voru borgarstarfsmenn að störfum við að lappa upp á borgina. Anton Brink og Sigtryggur Ari, ljósmyndarar Fréttablaðsins, skelltu sér út í sólina og tóku þessar skemmtilegu myndir.







ÖLL GARÐ-  
HÚSGÖGN OG SESSUR

20%

AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 17. JÚNÍ

# FRÁBÆR TILBOÐ!



ÖLL  
SÆNGURVER

20-30%

AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 17. JÚNÍ



ALLAR  
SÆNGUR

20-40%

AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 17. JÚNÍ



ALLIR  
SKRAUTPÚÐAR

3 FÜR  
2

GILDIR ÚT 18. JÚNÍ



ALLIR  
VAXDÚKAR

25%

AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 18. JÚNÍ



ÖLL  
KATTARTRÉ

20-30%

AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 18. JÚNÍ



ALLIR BLÓMA-  
POTTAR, GARÐSTYTTUR  
OG GARÐÁHÖLD

20%

AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 18. JÚNÍ

 **RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ





# 20.000

fermetra byggingu verður bætt við þá uppbyggingu sem í bígerð er við nýjan Landspítala.

# 26

þúsund manns heimsóttu Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í seinasta mánuði. Er það metaðsókn frá því að garðurinn var opnaður.



# 125

fyrirspurnir þingmanna biða svara ráðherra. Berist ekki svör falla fyrirspurnirnar niður við þinglok.



# 39,8%

velja bálfor í stað hefðbundinnar útfarar. Umhverfissjónarmið eru sögð ástæðan.

# 468

áþendingar um dýravelferð bærust til Matvælastofnunar frá almenningi í fyrra. Fleiri voru vegna illrar meðferðar á gæludýrum en búfænaði.



## Þrjú í fréttum Bolti, banki og blíðviðrisís

**Ragnar Sigurðsson**  
knattspyrnumaður

skoraði bæði mörk Íslendinga í 2-1 sigri á Tyrkjum á Laugardalsvelli. Tyrkir höfðu ekki fengið á sig mark í fyrstu þremur leikjum undanþekkingu Evrópumótsins. Íslendingar, Tyrkir og Frakkar eru allir með níu stig og verma þrjú efstu sæti riðilsins. Bæði mörkin skoraði Ragnar með skalla og hefur hann nú sett sex mörk í 88 landsleikjum.



**Benedikt Jóhannesson**  
fyrirverandi fjármálaráðherra

sendi Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra bréf í vikunni þar sem hann dró til baka umsókn sína um stöðu seðlabankastjóra. Hann sagði starf hæfisnefndarinnar „í hæsta máta óeðlilegt“ og varaði forsætisráðherra við mistökum.



**Anna Svava Knútsdóttir**  
eigandi Valdísar

hefur selt mun meiri ís það sem af er sumri en hún gerði í fyrra. Hún segir veðurspána stjórna því hversu margir eru á vakt í versluninni hverju sinni og hefur ekki áhyggjur af áhrifum ísáts á holdafar Íslendinga. Fólk er að hennar sögn með tvo maga, einn fyrir mat og annan fyrir ís.



## FRÉTTABLAÐIÐ

### Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Fanga ekki veitt þjónusta í samræmi við dómsúrskurð

Gæsluvarðhaldsfangi fær ekki fullnægjandi geðheilbrigðisþjónustu þrátt fyrir að réttur til hennar sé sérstaklega orðaður í úrskurði Landsréttar. Þjónustan hefur ekki verið tryggð, segir forstjóri Fangelsismálastofnunar, sem býst við verulegum athugasemdum frá pyndinganevnd Evrópu sem var nýlega á Íslandi.

**FANGELSI** Gæsluvarðhaldsfangi fær ekki geðheilbrigðisþjónustu í gæsluvarðhaldi þrátt fyrir að réttur hans til hennar sé sérstaklega tiltekinn í úrskurði Landsréttar sem kveðinn var upp í vikunni.

Maðurinn er ákærður fyrir fjölda þjónaðarbrota og brota gegn valdastjórninni og var í héraði úrskurðaður í svokallaða síbrotagæslu. Verjandi hans krafðist þess fyrir Landsrétti að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi en til vara að honum „verði gert að vera á geðdeild Landspítalans eða annarri viðeigandi stofnun“ á meðan á gæsluvarðhaldi stendur.

Landsréttur féllst ekki á þá kröfu á þeim forsendum að á grundvelli laga um fullnustu refsinga beri að veita honum viðeigandi heilbrigðisþjónustu á meðan hann situr í gæsluvarðhaldi. „Við bjóðum ekki upp á geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum eins og gert er á geðdeildum sjúkrahúsanna,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, aðspurður um úrskurðinn. „Það er enginn geðlæknir starfandi í fangelsum landsins og þær breytingar sem loksins virðast í sjónmáli eru ekki komnar til framkvæmda,“ segir Páll og vísar til nýrra áförmum um eflingu geðheilbrigðisþjónustu í fangelsunum. Vegna þeirra áförmum auglýstu Sjúkratryggingar Íslands fyrr í vor eftir áhugasömum aðila til að útfæra og veita föngum í öllum fangelsum landsins geðheilbrigðisþjónustu, en fjárveiting til þessa hefur þegar verið tryggð í fjárlögum.

Takmörkuð geðheilbrigðisþjónusta fyrir fanga og málefni geðsjúkra afbrotamanna hafa komið ítrekað til umræðu á undanförmum áratug vegna manneklu og skorts á þjónustu í fangelsum, fangelsunum og jafnvel einangrunar þroska-



Páll Winkel hefur lengi lýst áhyggjum af lakri heilbrigðisþjónustu í íslenskum fangelsum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það er auðvitað alveg rétt hjá Landsrétti að föngum er tryggður þessi réttur í lögum.

Páll Winkel, fangelsismálastjóri

skertra einstaklinga og hárrar tíðni sjálfsvíga fanga.

Innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir hafa ítrekað gert athugasemdir vegna vandans en ráðuneyti og opinberar stofnanir gjarnan bent hver á aðra. Ráðuneytum dóms- og heilbrigðismála ber ekki saman um hvar ábyrgðin liggi og benda

hvort á annað. Forstöðumaður geðsviðs Landspítala hefur sagt að fangar eigi ekki heima á geðdeild en sjálfur hefur Páll lýst opinberlega áhyggjum sínum af því að mannréttindabrot hafi verið framin gagnvart veiku fólki í fangelsunum. Þar séu oft og tíðum vistaðir fangar með alvarlegan geðrænan vanda og jafnvel fólk sem svipt hefur verið sjálf-ræði.

Páll segir slíka tilvísun dómenda til réttar fanga til heilbrigðisþjónustu fátíða. „Það er auðvitað alveg rétt hjá Landsrétti að föngum er tryggður þessi réttur í lögum. Það bara dugar ekki til þar sem þessi

þjónusta er ekki til staðar í raunheimum.“ Meðal eftirlitsaðila sem gert hafa athugasemdir við aðbúnað geðsjúkra fanga er pyndinganevnd Evrópuráðsins. Nefndin hefur nýlökkið sinni fimmtu eftirlitsferð á Íslandi. Hún var hér í rúma viku.

„Nefndin heimsótti öll fangelsi landsins nema eitt og átti kost á að hitta nánast alla fanga landsins. Miðað við áherslurnar í þeim heimsóknum kæmi mér ekki á óvart að einkunn hennar um geðheilbrigðismál verði léleg. Ég býst við verulegum athugasemdum en það á allt saman eftir að koma í ljós,“ segir Páll. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

**CREW CAB**

ramisland.is

# NÝR RAM 3500

NÝTT GLÆSILEGT ÚTLIT. NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BÖÐI.

EIGUM TIL Í CREW CAB, BIG HORN, LARAMIE, SPORT OG LIMITED ÚTFÆRSLUR TIL AFGREIÐSLU STRAX. MEGA CAB Í LARAMIE OG LIMITED ÚTFÆRSLUM EINNIG.

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 6.987.745 KR. ÁN VSK.  
RAM 3500 VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.





HÚSASMÍÐJAN

blómaval



# HITABYLGJA

## ALLIR FÁ ÍS Í SKÚTUVOGI

Á LAUGARDAG KL. 13-16



# 20-30% afsláttur

Birt með fyrirvara um innsíttar- og prentvillur. Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum.

Sumarblóm **-20-30%** • Pallaolía **-20%** • Black+Decker garðverkfæri **-20%**

Tré og runnar **-20%** • Texas sláttuvélar **-25%** • Reiðhjól **-20%**

Fiskars garðverkfæri **-20%** • Nilfisk háprýstidælur **-20-30%**

LADY innimálning **-25%** • Claber slöngur og garðvörur **-25-30%**

Avasco hillurekkar **-20%** • ALKO sláttuvélar **-20%** • Jumbo tröppur og stigar **-20%**

**TAX FREE** af öllu pallaefni ... auk **hundrað** annarra sumartilboða



## LYFJALOUS VERKJASTILLING!

FIT VERKJAPLÁSTRAR  
LÁTA LÍKAMANN LINA VERKINA!

- ENGAR AUKAVERKANIR
- VATNSHELDIR
- DUGA Í ALLT AÐ 5 DAGA



FÁST Í APÓTEKUM UM LAND ALLT!



Orlofssjóður BHM, líkt og sjóðir fjölda annarra stéttarféлага, seldi gjafabréf í flug með WOW air allt þar til flugfélagið fór í þrot. Alls keyptu félagsmenn í BHM gjafabréf fyrir rúmlega 38 milljónir árið áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## BHM endurgreiðir ekki ónotuð gjafabréf

Orlofssjóður Bandalags háskólamanna mun ekki endurgreiða ónotuð gjafabréf hjá WOW air sem sjóðfélagar keyptu í gegnum sjóðinn. Þurfa þeir sem eiga slíkt að gera kröfu í þrotabúið. VR og SFR bjóða upp á endurgreiðslu.

**KJARAMÁL** Orlofssjóður BHM hyggst ekki endurgreiða ónotuð gjafabréf frá WOW air. Er þeim sjóðfélögum sem eiga ónotuð gjafabréf bent á að gera almenna kröfu í þrotabú flugfélagsins.

Líkt og fjölmörg stéttarfélög bauð BHM félagsmönnum sínum að kaupa gjafabréf hjá flugfélögum. Hjá BHM var hægt að kaupa gjafabréf hjá WOW air frá 2016 þangað til í mars síðastliðnum þegar flugfélagið fór í þrot. Var þá hægt að kaupa 30 þúsund króna gjafabréf fyrir rúmar 20 þúsund krónur.

VR, SFR og Sameyki hafa öll heitið því að endurgreiða ónotuð gjafabréf sem sjóðfélagar hafa keypt í gegnum þau. Öll þessi stéttarfélög miða við ár aftur í tímann, eða við gildistímann fram að gjaldþroti flugfélagsins. Athygli vekur að þegar VR kynnti gjafabréfið á sínum tíma var sjóðfélögum bent á að lesa skilmálana vel.

Lilja Grétarsdóttir, formaður orlofssjóðs BHM, segir að stjórnin hafi farið gaumgæfilega yfir málið.

Leitað hafi verið ráðgjafar hjá Neytendasamtökunum, lögmönnum og skiptastjóra þrotabús WOW air. Niðurstaðan var að ekki séu forsendur fyrir því að sjóðurinn endurgreiði gjafabréfin.

„Það var farið yfir það hjá sjóðnum að á árinu fyrir gjaldþrot WOW var veltan í gjafabréfum hjá sjóðnum rúmlega 38 milljónir. Það er ekki líklegt að ekkert af þeim hafi verið notað,“ segir Lilja. Efmiðað er við að gjafabréfið kosti 20 þúsund krónur má gera ráð fyrir að sjóðfélagar hafi keypt tæplega 1.900 gjafabréf hjá WOW air í gengum BHM á árinu fyrir fall flugfélagsins.

Stjórnin veit ekki hversu mörg gjafabréf hafa verið nýtt. „Það getum við aldrei vitað. WOW air skuldaði fyrirtækinu sem sá um bókunarkerfið þeirra umtalsverðar fjárhæðir, þannig að því var lokað. Það hefði orðið að bera traust til þess að þeir sem kæmu fram gerðu það með heiðarlegum hætti. Það hefði verið mikil óvissa með þessi bréf.“

Samkvæmt ársreikningi BHM var

eigið fé orlofssjóðsins 1,1 milljarður, þar af er stór hluti bundinn í fasteignum. Rekstrarhagnaður síðasta árs nam 97,7 milljónum króna. Á sjóðurinn 91,2 milljónir króna í haldbæru fé.

Þó svo að stjórnin harmi ákvörðun um slíkt myndi, að mati stjórnar, endurgreiðsla skapa varhugavert forðæmi. Lilja segir það mismunandi eftir sjóðum hversu mikið sé undir, orlofssjóður BHM hafi verið með mikil viðskipti með gjafabréfin. Það hafi verið samdóma álit allra sem stjórnin leitaði til að sjóðnum bæri ekki skylda til að taka þetta á sig.

„Þegar þú kaupir þessi bréf þá blasa við skilmálar um að í engu tilviki séu þau endurgreidd,“ segir Lilja. Það má segja að það hefði verið afbrigðilegra að ákveða, af svona sjóði sem er að sýsla um fé stórs hóps, að setja svona mikla peninga til handa litlum hópi. Það færi í raun gegn þeim höpnum sem um þetta gilda. Eftir að hafa velt þessu máli fyrir okkur þá komumst við að þessari niðurstöðu.“ [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

## Ragna verður skrifstofustjóri Alþingis

**ALÞINGI** Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og fyrrverandi dómsmálaráðherra, mun taka við embætti skrifstofustjóra Alþingis 1. september næstkomandi. Hún verður fyrsta konan til að gegna embættinu.

Frá þessu greindi Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, við upphaf þingfundar í gærmorgun. Ragna tekur við embættinu af Helga Bernódussyni en hann hefur gegnt starfi skrifstofustjóra þingsins frá 2005.

Þriggja manna hæfisnefnd fór yfir þær tólf umsóknir sem bárust og gerði tillögu um hvaða umsækjendur kæmu til greina. Sérstök undirnefnd forsætisnefndar þingsins tók viðtöl við þá umsækjendur og lagði til við forsætisnefnd að Ragna yrði skipuð. Sú tillaga var samþykkt í forsætisnefnd.

Ragna er lögfræðingur að mennt, með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands, auk þess að vera með LL.M. gráðu í Evrópu-



Ragna tekur við starfinu í byrjun september. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

rétti frá Háskólanum í Lundi. Hún hefur starfað á skrifstofu Alþingis, skrifstofu Norðurlandaráðs, í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og forsætisráðuneyti.

Þá hefur hún gegnt embætti

dóms- og kirkjumálaráðherra og síðar embætti dómsmála- og mannréttindaráðherra og er nú aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar. Samhliða þessum störfum hefur Ragna gegnt margs konar ábyrgðar- og trúnaðarstörfum. – **dfb**

# KRÓNAN

## GRILLJÓN

ástæður til að grilla



ÁSTÆÐA #  
3.030

... því það er svo fljótlegt



[www.kronan.is](http://www.kronan.is)

# FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS



# HÆ HÓ JIBBÍ JEI

BLÖDRUR Í MIKLU ÚRVALI



Skemmilegar fánavörur

verð frá **499** kr

Bakpoki

**1.999** kr

24

Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

**HAGKAUP**

*Meira  
svona  
alla daga*





## Tilnefningar óskast til viðurkenninga umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir tilnefningum til verðlauna sem afhent verða á **Deigi íslenskrar náttúru**, 16. september.

**Fjölmíðlaverðlaun** umhverfis- og auðlindaráðuneytisins verða veitt fjölmíðli, ritstjórn, blaða- eða fréttamanni, dagskrárgerðarfólki, ljósmyndara eða rithöfundu fyrir umfjöllun um umhverfismál og/eða íslenska náttúru undangengna tólf mánuði (ágúst – ágúst).

**Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti** verður veitt einstaklingi sem hefur unnið markvert starf á sviði náttúruverndar.

Tilnefningar ásamt rökstuðningi skal senda í síðasta lagi 23. ágúst 2019 á netfangið postur@uar.is

Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis- og  
auðlindaráðuneytið

## Leigðu rafskutlu

Við bjóðum upp á einstaklega þægilegar rafskutlur frá Shoprider sem henta vel við íslenskar aðstæður. Bjóðum einnig upp á leigu á hjólastólum, göngugrindum og mörgu fleira.

Dú getur náð í rafskutluna til okkar og einnig getum við sent hana heim til þín gegn vægu sendingargjaldi.



**HJÁLPARTÆKJALEIGA SJÁLFSBJARGAR**  
Mobility Equipment Renting

Opnunartími

10:00 – 15:00 virka daga - lokað um helgar

Heimilisfang: Hátún 12, 105 Reykjavík, Iceland

Sími: 5500-118

hjalpartaeki@sjalfsbjorg.is | www.hjalpartaeki.is

# Beðið með ákvörðun launa forstjóra OR

Vanalega er búið að endurskoða laun forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur í byrjun árs. Það hefur tafist í ár og enn óvíst hvenær vinnu starfskjaranefndar, sem hefur það eina hlutverk að endurskoða laun forstjórans, lýkur.

**KJARAMÁL** Vinna við árlega endurskoðun launa Bjarna Bjarnasonar, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, hefur tafist lengur en venjulega í ár. Formaður starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, nefndarinnar sem hefur það eina hlutverk að endurskoða laun forstjórans, staðfestir að úttekt innan OR síðastliðið haust þar sem forstjórinn vék tímabundið úr starfi sem og viðkvæmt ástand í kjaraviðræðum á vinnumarkaði séu meðal ástæðna þess að launaákvörðunin hefur ekki farið fram.

Kjör forstjórans komu til umræðu á stjórnarfundum OR í síðasta mánuði þar sem Bjarni mun hafa gert grein fyrir sínum sjónarmiðum og vék síðan af fundi. Málinu var síðan frestað. Starfskjaranefnd OR er þrjúgjá manna nefnd sem Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögmaður og stjórnarmaður í OR, veitir formennsku.

Aðspurð hverju sæti að endurskoðun á launum forstjórans hafi tafist og hvort það tengist úttekt á vinnustaðarmenningu innan OR þegar forstjórinn vék frá störfum eða hvort þau hafi viljað bíða þar til eftir undirritun kjarasamninga, segir Sigríður það eiginlega allt ofangreint.

„Það eru ýmsar ástæður, allt sem þú nefnir. Þetta hefur allt saman sín áhrif.“ Hún kveðst ekki geta tjáð sig um hvenær von sé á niðurstöðu í vinnu nefndarinnar að þessu sinni. Eins og Fréttablaðið hefur ítar-



Árleg endurskoðun á launum Bjarna Bjarnasonar, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, hefur tafist í ár af ýmsum ástæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þetta hefur allt saman sín áhrif.

Sigríður Rut Júlíusdóttir, formaður starfskjaranefndar OR



lega fjallað um hafa laun forstjóra Orkuveitunnar hækkað hraustlega ár frá ári undanfarin ár. Síðast voru grunnlaun forstjórans hækkuð í febrúar í fyrra um 6,9 prósent upp í 2.374 þúsund krónur á mánuði. Ofan á þau grunnlaun bætast svo tæplega 490 þúsund sem forstjórinn fær fyrir að gegna stjórnarfor-

mennsku í tveimur dótturfélögum OR og svo 132 þúsund krónur greiðsla, sem nemur mánaðarlegu skattmati ríkisskattstjóra á hlunnindum, þar sem forstjóri nýtur ekki afnota af bifreið. Heildarlaun forstjórans, líkt og Fréttablaðið greindi frá í fyrra, hafa því numið rétt tæplega þremur milljónum á mánuði frá síðustu ákvörðun. Líkt og einnig hafði komið fram hélt Bjarni fullum launum meðan hann, í þágu úttektar, steig til hliðar.

Fregnir af launaákvörðunum forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur hafa oft reynst mikið hitamál og vekja umtal og eftirtekt og virðist starfskjaranefnd því ekki hafa verið að flýta sér að varpa slíkri sprengju inn í viðkvæmar kjarasamningaviðræður í vor. [mikael@frettabladid.is](mailto:mikael@frettabladid.is)



Ráðstefnan um hreyfiveiki verður haldin í Hofi og hefst þann 7. júlí næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Fimm háskólar að baki sjóveikisetri

**VÍSINDI** Fimm háskólar stefna að því að setja á laggirnar sjóveikisetur á Akureyri. Fyrirhuguð er ráðstefna um hreyfiveiki í Hofi á Akureyri í byrjun júlí.

Háskólarnir fimm sem standa að sjóveikisetrinu eru Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri hér á landi í samvinnu við franska háskóla í Caen og Normandí. Sjóveiki stendur okkur Íslendingum næst vegna útgerðar og fiskveiða en í öðrum löndum snýst þetta um lestar-, flug- og bílveiki og þess vegna svokallaða geimveiki.

Allt eru þetta kvillar undir regnhlíf hreyfiveiki og vilja þessir fimm háskólar hefja samvinnu og formgera bandalag sín á milli um rannsóknir og kennslu. Hannes Petersen, háls-, nef- og eyrnalæknir og próffessor við Háskóla Íslands, segir

mikilvægt að efla alþjóðlegt samstarf um hreyfiveiki.

„Hreyfiveiki mun hafa mikil áhrif á nútímamanninn. Til að mynda verður heilum eftirmiðdegi á ráðstefnunni varið í rannsóknir á hreyfiveiki í sjálfkeyrandi bílum. Þær rannsóknir sem eru þegar hafnar benda til þess að einstaklingar upplifa meiri hreyfiveiki í þess lags bílum,“ segir Hannes.

„Einnig er að ryðja sér til rúms sýndarveruleiki. Þar hafa einstaklingar orðið varir við hreyfiveiki og fundið verulega fyrir henni þrátt fyrir að hreyfa sig ekki.“

Hannes segir að þróun mannsins sé á þessa leið og að við séum háðari sjóninni en áður þegar kemur að jafnvægi. „Vægi þefskyns og innra eyra í jafnvægisskynjun hefur minnkað en augun tekið að miklu leyti yfir. Þessi þróun hefur

**Til að mynda verður heilum eftirmiðdegi á ráðstefnunni varið í rannsóknir á hreyfiveiki í sjálfkeyrandi bílum.**

Hannes Petersen, háls-, nef- og eyrnalæknir

átt sér stað lengi. Þetta er því eitt hvað sem við þurfum að rannsaka í sambandi við nútímataekni,“ bætir Hannes við.

Á ráðstefnunni í júlí munu koma vísindamenn og fyrirlesarar frá um fimmtán þjóðum þar sem farið verður yfir stöðu þekkingar á þessu sviði. Vonir standa til að á annað hundrað gesta komi einnig og verði viðstaddir rannsóknina og taki þátt. – sa





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

SUMARGRILL  
TOYOTA



## Stórsýning í Kaupþúni í dag 15. júní kl. 12–16.

Nú hitnar í kolunum í Kaupþúni þar sem við blásum til stórsýningar. Komdu og sjáðu glæsilega bíla í fullum sumarskrúða og nældu þér í ilmandi góðgæti frá Kjötkompaní af funheitu grillinu. Með öllum nýjum seldum bílum fylgir 200 þúsund króna aukahlutapakki\* að eigin vali. Sjáumst um helgina í sumarskapi.

Gestir verða leystir út með birkigræðlingum í tilefni af umhverfismánuði Toyota.



Toyota Kaupþúni  
Kaupþúni 6

info@toyota.is

570 5070

toyota.is



UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

\* Tilboðið gildir fyrir upprunalega Toyota aukahluti með öllum bifreiðum að undanskildum Land Cruiser 150 Adventure og Hilux Invincible.



## Stjórnvöld í Hong Kong fresti framsalsfrumvarpi

**KÍNA** Stuðningur á þingi og í stjórn-málasamfélaginu við frumvarp stjórnvalda í Hong Kong um að heimila framsal til meginlands Kína minnkar og ráðgjafar Carrie Lam, leiðtoga sjálfstjórnarhéraðsins, ráðleggja henni að fresta atkvæðagreiðslu. South China Morning Post og fleiri miðlar greindu frá í gær.

Hundruð þúsunda íbúa hafa flykkst út á götur til þess að mótmæla frumvarpinu. Það er sagt til

þess fallið að þagga niður í gagnrýnisróddum. Aðgerðir lögreglu gegn mótmælendum hafa einnig verið gagnrýndar.

Bernard Chan, einn æðstu embættismanna Hong Kong, sagði í gær að eins og staðan er nú væri ómögulegt að drífa frumvarpið í gegn. „Ég held að það sé ómögulegt í ljósi þessarar miklu andstöðu. Það væri afar erfitt og við ættum að minnsta kosti að forðast að auka á spennuna.“ – þea



Forstjóri skipafélags eins skipanna sem ráðist var á er ósammála Bandaríkjastjórn. NORDICPHOTOS/AFP

## Eldfimt ástand eftir árásir á Ómanflóa

Bandaríkin birtu myndband og segja tundurdufl hafa hæft olíuflutningaskip á Ómanflóa. Forstjóri skipafélagsins segir það ómögulegt. Írönum kennt um en þarlend stjórnvöld neita alfarið sök. Áhyggjum lýst af aukinni spennu.

**ÍRAN** Evrópusambandið mun hvorki taka þátt í getgátum né fullyrða neitt um árásir á olíuflutningaskip á Ómanflóa fyrr en nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir. Þetta hafði CNN eftir upplýsingafulltrúa í gær en Bandaríkjastjórn hefur kennt Írönum um árásirnar.

Ráðist var á tvö skip í vikunni og fjögur fyrir mánaðamót. Enginn fórst og Íransstjórn neitar alfarið ásökunum. Seinni tvö skipin voru frá Noregi og Japan en fyrri fjögur frá Sameinuðu arabísku furstadæmum, Noregi og tvö frá Sáði-Arabíu.

„Á meðan við sönkum að okkur upplýsingum og sönnunargögnum og leggjum mat á fyrirbyggjandi gögn munum við ekki setja fram kenningar eða taka þátt í getgátum,“ var haft eftir upplýsingafulltrúanum. Einu gögnin sem Bandaríkjastjórn hefur lagt fram til þess að renna stöðum undir ásakanir sínar hingað til er myndband sem herinn birti og sagði sýna íranska sérsveitarliða fjarlægja tundurdufl sem sprakk ekki af japanska skipinu og ljósmyndir, sagðar sýna tundurduflið.

Yutaka Katada, forstjóri japanska skipafélagsins Kokuka Sangyo, sem gerir út flutningaskipið sem ráðist var á, hélt blaðamannafund í gær. Hann sagði að eitthvað fljúgandi hefði hæft skipið og hafði það eftir áhöfn. „Það eru engar líkur á því að þetta hafi verið tundurdufl.“

Abbas Mousavi, upplýsingafulltrúi íranska utanríkisráðuneytisins, sagði ásakanirnar sjálfar áhyggju-efni. Þætti því við að það væri afar „hentugt“ fyrir Bandaríkjamenn að skella skuldinni á Íransstjórn.

Bandaríkjastjórn hefur ekki tjáð sig um mögulegar gagnadgerðir gegn Írönum utan þess að Donald Trump forseti sagði í gær að ekki væri stefnt á að loka Hormuzsundi, á milli Írans og Óman. Að minnsta kosti ekki lengi. Sundið er mikilvæg viðskiptaleið og um það fer töluvert magn olíu. Forsetinn sagðist hins vegar tilbúinn til þess að hefja viðræður við Íran á ný. „Við viljum fá þau að borðinu. Ég er tilbúinn hvernær sem þau vilja,“ sagði forsetinn við Fox News.

Samskipti Bandaríkjanna og Írans hafa versnað til muna frá því Trump tók við embætti. Hann hefur rift kjarnorkusamningnum sem Íran gerði við Bandaríkin og önnur stórveldi er snerist um að Íran skyldi frysta kjarnorkuáætlun sína gegn afléttingu viðskiptaþvingana. Meðal annars vegna þess að Bandaríkin telja Íransstjórn fjármagna hryðjuverkasamtök.

Í kjölfar riftunarinnar hafa Bandaríkin lagt á nýjar þvinganir. Hafa einnig skilgreint byltingarvarðsveit Írans sem hryðjuverkasamtök og hafa utanríkisráðgjafir vestanhafs velt fram þeirri spurningu hvort sambandinu sé viðbjargandi.

Sérfræðingur og greinendur sem NBC ræddi við í gær lýstu yfir áhyggjum sínum af því að Bandaríkin og Íran gætu hreinlega lent í vopnuðum átökum. „Eitt atvik gæti kveikt í öllu svæðinu. Jafnvel ef þetta tiltekna atvik hrindir hlutaðeigandi ekki fram af klettinum og í stríði færir hvert svona atvik okkur nær brúninni,“ sagði Ali Vaez hjá hugveitunni International Crisis Group. thorgnyr@frettabladid.is

### AÐALFUNDUR



Hollvina Núpsskóla verður haldinn að Núpi í Dýrafirði laugardaginn 29. júní 2019 kl. 14:00.

#### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Sala Núpsskóla
3. Önnur mál.

Tillögur um breytingar á lögum þurfa að berast stjórninni í síðasta lagi 18. júní á pósthafið trygging@trygging.com

Stjórnin.

## Finndu draumaeignina á Spáni fyrir aðeins 30.000\* kr. á mann.



### Ferðin felur í sér:

- Persónulegan eignalista samkvæmt fyrirfram ákveðnu verðþaki.
- Flug fram og tilbaka frá Keflavík til Alicante.
- Akstur milli flugvallar og hótels.
- Gistingu á 4\* hóteli í 3 nætur.
- Morgunverð og hádegisverð meðan á skoðun stendur.
- Kynningu á ólíkum svæðum.
- Við komum á fundi með enskumælandi lögmanni og bankafulltrúa komi til kaupa.
- Við komum þér í samband við leigumiðlun, óskirðu þess.
- Eftirsöluteymið okkar kemur til með að aðstoða þig við húsgagnakaup og annað sem tengist eigninni þinni.

(\*) Ákveðin skilyrði eru sett. Biddu okkur um nánari upplýsingar.

medland

www.medlandspann.is  
+354 800 4149



ALLAR PIZZUR AF MATSÆDLI Á 1.590 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 10.-16. JÚNÍ 2019

DOMINOS.IS | 58 12345 | DOMINO'S APP

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi


Vissir þú að...

Foreldrar bera meginábyrgð á aðstoða að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sína.





# Fögnum sumri!



Nú bjóðum við fjölbreytta **sumarpakka að verðmæti 400.000 kr.** með öllum nýjum **Outlander PHEV, L200 og Eclipse Cross** frá Mitsubishi sem passa vel fyrir þá sem ætla að nýta sér sumarið út í ystu æsar. Hvort sem þú ert fyrir veiði, ferðalög, fjallgöngur, hjólreiðar eða ert einfaldlega með ástríðu fyrir útivist; þá eigum við pakkann fyrir þig.

## Ferðabílar með sumarpökkum

- **Ferðapakinn**
- **Veiðipakinn**
- **Sportpakinn**
- **Fjallapakinn**
- **Hjólapakinn**

Hver er pakinn þinn?  
Nánar á [www.mitsubishi.is](http://www.mitsubishi.is)



**MITSUBISHI  
MOTORS**  
Drive your Ambition





# Sumar STUÐ

Bílabúðar Benna

**Fjölskylduhátíð að Krókhálsi 9  
í dag kl. 12–16**

Pylsur, ís, lifandi tónlist, Sirkus Íslands, andlitsmálning, candyfloss og margt fleira.

Stjörnu-Sævar fræðir gesti um undraheima rafmagnsins og opnar formlega fyrir forsölu á Opel Ampera-e.

ON – Orka náttúrunnar – kynnr ON-lykilinn, Hleðslu-appið og fleira tengt rafbílum.

Ísorka kynnr hleðslustöðvar og hleðslukerfi.

**Sjáumst öll í sumarstuði!**



Crossland X





# AMPERA-E

# LOKSINS!

100% rafmagnsbíll  
sem heldur ekki aftur af þér

ALLT AÐ 500 KM Á EINNI HLEÐSLU\*



#### Margfaldur verðlaunabíll

Rafmagnsmótor 150 kW Drægni 500 km\*

Hestöfl 204 Tog 360 Nm

Hröðun 0-100 7,3 sek. CO<sub>2</sub> 0

10,2" snertiskjár með Intellilink margmiðlunarkerfi

8" stafrcenn litaskjár í mælaborði

Bakkmyndavél með 360° sjónarhorni

Práðlaus hleðsla fyrir snjallsíma

Yfir 100 km drægni með 30 mín. hleðslu

Sjá meira á [opel.is](http://opel.is)

## TIL AFHENDINGAR Í JÚLÍ

Verð 5.590.000 kr.\*\*

Forsala hefst á [opel.is](http://opel.is) í dag kl. 13.00

\*Sjá reiknivél á [ampera-e.opel.is](http://ampera-e.opel.is)

\*\*Verð miðast við gengi 31. maí 2019

Nánari upplýsingar á [opel.is](http://opel.is)

Opnunartímar  
Virka daga 9-18  
Laugardaga 12-16

Bílabíð  
**Benna**



# Góða veðrið



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**S**íðasta sumar rennur áhugafólki um veðurfar seint úr minni. Varla sást til sólar framan af sumri og rigningin dundi á landsmönnum. Mörgum tókst ekki að reka endahnúttinn á brýn verk utanhúss eða í gördum sínum. Sökum veðurs. Að sumri.

Á sama tíma voru ýmis teikn á lofti um að mesta búsældarskeiðinu væri að ljúka. Fregnir fóru að berast af vandræðum flugfélaganna, WOW air og Icelandair. Yfir dundu bölsýnisspár um hvíllar hörmungar sem fylgdu ef annað þeirra, eða bæði, myndu ríða til falls. Stórkostleg fækkun ferðamanna með tilheyrandi tjóni fyrir þjóðarbúið.

Margt benti einnig til þess að erfiður vetur væri fram undan á vinnumarkaði. Samningar voru að losna og langt virtist milli stríðandi fylkinga. Verkföll virtust óumflýjanleg. Blíkur voru á lofti, og standandi frammi fyrir þessu tvíhöfða skrímsli, róti á vinnumarkaði og óvissu um framtíð flugfélaganna, hóf krónan að gefa eftir gagnvart helstu myntum.

Vedurguðirnir virtust sómuleiðis á því að leyfa ætti Íslendingum að finna til tevatnsins. Regnið dundi á eyjarskeggjum og lofthiti náði sjaldnast tveggja stafa tölu. Margir fóru jafnvel að velta fyrir sér hvort íslenska ferðamannavörinu stæði meiri ógn af veðurfari en fallvöltum flugrekstri og örmyntinni furðulegu.

Veðrið reyndist að lokum fyrirboði um örlög WOW air sem féll með braki og brestum síðla vetrar. Sólarglæta sást þó í kjölfarið þegar aðilar á vinnumarkaði unnu þrekvirkni og náðu saman að endingu.

Kannski var það fyrirboði um sumarið 2019? Þegar sólin býður landsmönnum bliðlega góðan dag á hverjum morgni er auðvelt að gleyma stund og stað. Við þurfum ekki lengur ódýra farmaða til Tenerife til að ná í smá lit. Að minnsta kosti ekki að sinni.

Í vikunni bærust tíðindi af því að ríkissjóður hefði fjármagnað sig á áður óþekktum kjörum. Það var áminning um sterka stöðu ríkisfjármála. Við höfum raunverulega búið vel í haginn til að mæta áföllum á borð við fall WOW air.

Góða veðrið leyfir okkur sómuleiðis að líta landið okkar öðrum augum. Auðvitað vilja ferðamenn sækja okkur heim. En kannski förum við of geyst á síðustu árum. Leyfðum gullgrafarahugarfari að festa rætur. Getur verið að tímabundið hikst í ferðamannafjölda gefi tækifæri til yfirvegaðs endurmats og ígrundun um hvernig við viljum byggja greinina upp til framtíðar?

Í þessu veðurfari leyfir maður sér í það minnsta að láta hugann reika. Landið okkar er einstakt þegar sá gállinn er á því. Við eigum að leyfa öðrum að njóta þess með okkur. En slíkt þarf að gera af ábyrgð og festu, þannig að við skilum landinu í góðu horfi til næstu kynslóða.

Góða veðrinu fylgir gleði og bjartsýni. Vonandi er það undanfari góðra tíma.



Þegar sólin býður landsmönnum bliðlega góðan dag á hverjum morgni er auðvelt að gleyma stund og stað.

Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



### Öld siðblindingsjans

**E**ru illmenni einfaldlega góðmenni með fötlun? Í síðustu viku stóð Íslensk erfðagreining fyrir fræðslufundi um upptök illskunnar. Var gestur fundarins Simon Baron-Cohen, prófessor í þróunar-sálfræði, sem rannsakað hefur mannlega illsku. Hann skilgreinir illsku sem skort á samkennd. Í stað þess að flokka fólk sem gott og illt telur hann nær lagi að staðsetja hvert og eitt okkar á rófi samkenndar. „Fólk getur haft litla samkennd, í meðallagi eða óvanalega mikla samkennd,“ sagði Baron-Cohen í erindi sínu.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, tók undir með Baron-Cohen í viðtali við Fréttablaðið. „Illska er í raun og veru fötlun, þó að við meðhöndlum hana ekki sem slíka. Á til dæmis að refsa mönnum fyrir afleiðingar þess að glíma við slíka fötlun?“

Svo kann að fara að einn daginn hættum við að refsa fólk fyrir illvirki sem þjáist af svo miklum skorti af samkennd að það er staðsett neðst á samkenndar-ásnum. Nýverið hefur hins vegar tekið að bera í auknum mæli á því að fólk sé refsað fyrir að vera á hinum enda ássins.

#### Glæpavæðing samkenndarinnar

Hinn 31. janúar síðastliðinn bankaði þýska lögreglan upp á hjá Christian Hartung, sóknarpresti í Þýskalandi. Prestinum var gefið að sök að skjóta skjólshúsi yfir flóttamenn frá Súdan. Hartung sagði „bráða hættu hafa steðjað að fólkinu“ sem margt glimdi við lífshættulega sjúkdóma. Hann sagði framferði lögreglunnar „tilraun til að hræða“ sig en Hartung starfar á svæði þar sem þýski þjóðernisflokkurinn Alternative für Deutschland nýtur mikils fylgis.

Presturinn í Þýskalandi er ekki sá eini sem gæti átt yfir höfði sér fangelsisvist fyrir að koma sambræðrum til hjálpar. Ný könnun sýnir að mannleg samkennd er í auknum mæli talin ámælisverð. Tilfellum í Evrópu þar sem almennir borgarar eru ákærðir, dæmdir og sektaðir fyrir almenna manngæsku í garð flótta- og farandfólks fer snarfjöldandi. Vefurinn Open Democracy hefur

tekið saman 250 dæmi um slíkt á síðustu fimm árum. Þar á meðal eru spænskur slökkviliðsmaður sem átti yfir höfði sér þrjátíu ára fangelsi í Grikklandi fyrir að bjarga flóttafólki frá drukknun, franskur ólífuræktandi sem var handtekinn fyrir að gefa farandfólki mat við landamæri Ítalíu og sjötug dönsk amma sem var dæmd og sektuð fyrir að gefa fjölskyldu með ung börn far í bíl sínum.

Nýjasta skrefið í átt að glæpavæðingu samkenndarinnar var hins vegar stigið á Ítalíu í vikunni. Ítalska ríkisstjórnin samþykkti tilskipun sem gerir það formlega refsivert að bjarga flótta- og farandfólki á Miðjarðarhafinu. Hunsi hjálparsamþök reglurnar mega þau eiga von á háum sektum. Notendur íslenskra samfélagsmiðla fordæmdu ráðstöfunina nokkuð einróma. En höfum við Íslendingar samkenndina eitthvað meira í heiðri en Ítalír?

#### Átök góðs og ills

Í apríl síðastliðnum voru Jörunn Edda Helgadóttir og Ragnheiður Freyja Kristinardóttir dæmdar í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að standa upp í flugvél Icelandair og mótmæla brottvisun flóttamanns sem verið var að flytja úr landi með vélinni. Átti að senda hælisleitandann til Nígeríu en þaðan hafði hann flúið í kjölfar þess að Boko Haram liðar veittu honum stungusár og myrtu bróður hans.

„Það er manningum mikilvægt að skilja sjálfan sig sem dýrategund og samkenndin skiptir ótrúlega miklu máli í mannlegum samskiptum,“ sagði Kári Stefánsson um rannsóknir Baron-Cohen. „Mannkynssagan er þessi samskipti og átök góðs og ills.“

Við lifum nú í veröld þar sem hægt er að gera til okkar þá lagalegu kröfu að við horfum upp á aðra manneskju drukna án þess að aðhafast nokkuð. Ef mannkynssagan verður í framtíðinni skoðuð á rófi samkenndar er hætt við að nútíminn hljóti greininguna: öld siðblindingsjans.

## BYRJENDAPAKKI

VERÐ ÁÐUR 61.980 KR. – VERÐ NÚ 43.386 KR.



Coleman Kobuk Valley 2  
Coleman Maxi Double loftdýna  
2 x Coleman Silverton 250 svefnpokar

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS



POTTURINN STEFNIR Í

1000

MILLJÓÑIR



LEIKURINN OKKAR



# Stefnir á að taka næsta skref

Dagur Kár Jónsson, landsliðsmaður í körfubolta, kláraði nýlega sitt fyrsta keppnistímabil sem atvinnumaður. Dagur lék með austurríska liðinu Raiffeisen Flyers Wels. Hann vill stærra áskorun næsta vetur.

**KÖRFUBOLTI** Ár er síðan Dagur Kár Jónsson ákvað að halda til Austurríkis til þess að leika með úrvalsdeildarliðinu Raiffeisen Flyers Wels en þá var hann að semja við sitt fyrsta erlenda lið á ferli sínum og takast á við það í fyrsta skipti að leika sem atvinnumaður. Hann hafði áður leikið með St. Francis í bandaríska háskólakörfuboltanum en það er öðruvísi pressa að leika með skólaliði en í atvinnumannaliði.

Dagur Kár er ánægður með sitt fyrsta keppnistímabil í hinum harða heimi atvinnumennskunnar og langar að halda áfram að leika erlendis á næstu leiktið. Þrátt fyrir að hafa verið sáttur við dvölina hjá Raiffeisen Flyers Wels langar hann að taka næsta skref á ferli sínum og leika í öðru landi næsta vetur.

„Mér fannst ég standa mig vel á þessari fyrstu leiktið minni sem atvinnumaður. Ég renndi nokkuð blint í sjóinn þegar ég fór til Austurríkis og eftir á að hyggja var þetta gott fyrsta skref á atvinnumannsferli mínum. Deildin er sterk, leikstillinn er öðruvísi en heima og það hentaði mér bara vel. Það er meira lagt upp úr því að vera með sterka miðherja og spila inni í teig í austurrísku deildinni en á Íslandi og ég kunni vel við þann leikstíl,“ segir Dagur í samtali við Fréttablaðið.

„Það er allt öðruvísi ábyrgð sem fylgir því að vera leikstjórnandi í atvinnumannaliði en að leika með háskólaliði í Bandaríkjunum. Ég byrjaði vel með liðinu og lék heilt yfir vel á tímabilinu að mínu mati. Um mitt tímabilið fór að halla undan fæti hjá okkur í nokkrar vikur og á þeim tíma var hrist upp í liðinu þar sem tveir leikmenn voru sendir frá liðinu og nýir leikmenn komu í staðinn,“ segir leikstjórnandinn enn fremur.

„Við náðum svo langri sigurhrinu undir lok deildarkeppninnar og ég og aðrir í liðinu náðum vopnum okkar að nýju og lékum vel. Við fórum inn í úrslitakeppnina í fimmta sæti og féllum því miður úr leik í átta liða úrslitum fyrir liðinu sem endaði í fjórða sæti. Við hefðum viljað fara í undanúrslit en ég geng hins vegar sáttur frá borði eftir þessa leiktið,“ segir Garðbæingurinn um frumraun sína hjá Raiffeisen Flyers Wels.

„Ég er sérstaklega sáttur við að



Dagur Kár Jónsson var í lykkihlutverki hjá austurríska liðinu Raiffeisen Flyers Wels á nýliðinni leiktið þar í landi.

**Ég er sérstaklega sáttur við að hafa staðist þá pressu sem fylgir því að vera atvinnumaður. Hugur minn stendur til þess að takast á við nýja áskorun.**

Dagur Kár Jónsson

hafa staðist þá pressu sem fylgir því að vera atvinnumaður og vera erlendur leikmaður í atvinnumannaliði. Sú staðreynd að þegar illa fór að ganga hafi tveir leikmenn verið látnir fara sýnir hversu lítil þolinmæði er hjá liðum eins og Raiffeisen Flyers Wels fyrir því að leikmenn standi sig ekki í stykkinu. Auk þess að þurfa að hafa körfuboltaleg gæði til þess að pluma sig er þetta andlega erfitt og reynir töluvert á,“ segir hann um upplifun sína af því að leika erlendis.

„Framtíðin er óráðin en nokkur íslensk lið hafa haft samband við mig með það í huga að leika þar. Hugur minn stendur hins vegar til þess að takast á við nýja áskorun

og taka næsta skref á ferli mínum. Ég hef verið að fá aukið hlutverk hjá landsliðinu í undanföllum verkefnum liðsins og ég tel að það auki möguleika mína þar að koma mér í sterkari deild.

Þá langar mig líka að prófa að spila á fleiri stöðum. Fyrir mér væri heillavænlegast að taka eitt milliskref áður en ég fer að huga að sterkustu deildum Evrópu. Hæfilega stórt skref væri að leika í B-deildum í löndum á borð við Belgíu, Grikkland, Frakkland, Spán og Þýskaland. Það er lítið að gerast þessa stundina þar sem leiktiðunum er nýlökioð en þetta fer svo á flug þegar nær dregur hausti,“ segir Dagur um framhaldið hjá sér. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

## Ísland fór upp um fimm sæti

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu situr í 35. sæti á nýjasta styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, sem opinberaður var í gær.

Íslenska liðið fer þar af leiðandi upp um fimm sæti á styrkleikalistanum en það eru sigrar gegn Albaníu og Tyrklandi í undankeppni EM 2020 í þessari viku sem sjá um að hifa liðið upp listann.

Belgar eru sem fyrr í efsta sæti listans og þar á eftir koma ríkjandi heimsmeistarar Frakka og svo Brasilíumenn. England er í fjórða sæti á listanum, Portúgal sem vann nýlega Þjóðadeildina í því fimmta og Króatía í því sjötta.

Spánn er í sjöunda sæti, Úrúgvæ í því áttunda og Sviss níunda. Danmörk er svo efsta Norðurlandþjóðin en liðið situr í tíunda sæti listans. – hó

## Lampard að nálgast Brúna

**FÓTBOLTI** Talið er að Frank Lampard, fyrrverandi leikmaður Chelsea, muni á næstu dögum taka við sem knattspyrnustjóri félagsins. Maurizio Sarri var á dögnum leystur undan samningi hjá Chelsea en hann mun að öllum líkindum taka við ítalska meistarliðinu Juventus.

Forráðamenn Chelsea þurfa að borga Derby County um fjórar milljónir punda eða rúmar 600 milljónir króna til þess að fá Lampard lausan. Lampard hefur stýrt Derby County í eitt keppnistímabil en það er fyrsta stjórnarstarfið hans.

Viðræður um vistaskipti Lampards á Stamford Bridge munu hefjast á næstu dögum en Chelsea mun ekki sleppa hendinni af Sarri fyrr en búið er að ná samningum við eftirmann hans.

Derby County laut í lægra haldi fyrir Aston Villa í umspili um laust sæti í efstu deild undir stjórn Lampard. Lampard lék í 13 ár með Chelsea og vann 11 titla með félaginu.

– hó



Frank Lampard.



## Tökum höndum saman – í þágu umhverfisins

OPÍÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17

Við vinnum stöðugt að því að bjóða vörur sem draga úr kolefnisspori, niðurbrotanlegar vörur sem auðvelt er að flokka, framleiddar í sátt við náttúruna.

REKSTRARLAND verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is

  
**REKSTRARLAND**





Guðrún Inga er í nefnd hjá UEFA.

## Fimm íslenskir fulltrúar í UEFA

**FÓTBOLTI** Á fundi stjórnar knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, sem haldinn var í Bakú í Aserbaídsjan 29. maí síðastliðinn var skipað í ýmsar nefndir og ráð á vegum UEFA.

Gildir sú skipun fyrir tímabilið 2019 til 2023 og tekur gildi frá og með 1. júlí næstkomandi. Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, á fimm fulltrúa í þessum nefndum og ráðum.

Guðni Bergsson er þriðji varaformaður í nefnd um mót landsliða, Guðrún Inga Sivertsen er meðlimur í nefnd um knattspyrnu kvenna, Lúðvík Georgsson á sæti í nefnd um leyfiskerfi, Borghildur Sigurðardóttir er í nefnd um markaðsmál og ráðgjöf og Klara Bjartmarz er þriðji varaformaður í nefnd um háttvísi og samfélagslega ábyrgð. – hó

## Maradona hættur í Mexíkó

**FÓTBOLTI** Argentínska knattspyrnuáherslin Diego Armando Maradona hefur ákveðið að láta af störfum sínum sem þjálfari mexíkóska knattspyrnuliðsins Dorados. Þetta gerir Maradona eftir ráðleggingar lækna sinna.

Maradona þarf að fara í aðgerðir vegna eymsla í öxl og hnémeiðsla. Þá hefur liferni hans í gegnum tíðina sem hefur síður en svo verið heilsusamlegt á löngum köflum orðið til þess að hann er veill fyrir hjarta.

Þessi 58 ára gamli litríki karakter stýrði Dorados í níu mánuði en liðið leikur í mexíkósku B-deildinni og fór tvisvar sinnum í umspil um laust sæti í efstu deild undir stjórn Maradona en mistókst að komast upp um deild í bæði skiptin. – hó



Lukaku mun líklega spila á Ítalíu.

## Lukaku á leiðinni til Inter

**FÓTBOLTI** Belgíski landsliðsframherjinn Romelu Lukaku er á leið frá Manchester United en hann verður fyrstu kaup ítalska knattspyrnstjórnans Antonio Conte sem tók við liðinu af Luciano Spalletti á dögnum.

Lukaku, sem gekk í raðir Manchester United frá Everton árið 2017 og lék tvö keppnistímabil með Manchester-liðinu, hefur skorað 28 mörk í 66 leikjum fyrir liðið.

Hann var ekki framarlega í goggunarröðinni eftir að Ole Gunnar Solskjær tók við stjórnartumunum hjá Manchester United skömmu fyrir síðustu áramót og vermdi varamannabekkin í drjúgum hluta leikjanna á seinni hluta síðustu leiktíðar.

Talið er að kaupverðið sé rúmar 60 milljónir punda en Lukaku kostaði Manchester United 75 milljónir á sínum tíma. – hó

# Þægileg staða fyrir lokaumferðina hjá Íslandi

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handbolta fær á morgun Tyrkland í heimsókn í Laugardalshöllina í lokaumferð í undankeppni fyrir EM 2020. Íslenska liðinu mistókst að gulltryggja sætið í lokakeppni mótsins með sigri gegn Grikklandi í síðustu umferð undankeppninnar.

Jöfnunarmark Arnórs Þórs Gunnarssonar á lokaandartökum leiksins þýðir hins vegar að jafntefli eða sigur fleytir Íslandi örugglega í lokakeppnina 11. skiptið í röð. Þá mun tap sem er með minna en 11 marka mun og 11 marka tap með



Elvar Örn Jónsson skoraði mest fyrir Ísland í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

lægri markatölu en 33-22 mun ekki koma að sök. Fyrri leikur liðanna sem fram fór ytra í lok október endaði með öruggum 33-22 sigri íslenska liðsins. Þá var Elvar Örn Jónsson markahæstur hjá Íslandi með níu mörk.

Fyrir lokaumferðina trónir Norður-Makedónía á toppi riðilsins með sjö stig og hefur tryggt sér sæti í lokakeppinni. Ísland er svo í öðru sæti með sex stig og Tyrkland kemur þar á eftir með fjögur stig. Grikkland rekur svo lestina með þrjú stig og er úr leik. – hó

# TIL SÖLU

Til sölu eru eftirtaldar eignir þrotabús Hópverðabíla Akureyrar ehf

## Bifreiðar:

1. JO U50, Scania K124, hópibifreið, fyrst skráð 2006
2. BT 545 Mercedes-Benz Sprinter, hópibifreið, fyrst skráð 2006
3. NZ 889 Mercedes-Benz Sprinter, hópibifreið, fyrst skráð 2005
4. JZ 031 Volkswagen LT35, hópibifreið, fyrst skráð 1999
5. TF 061 Mercedes Benz Sprinter, hópibifreið, fyrst skráð 2006
6. NL 985 Volkswagen Transporter, fólksbifreið, fyrst skráð 2005
7. PX 588 Mercedes Benz Sprinter, hópibifreið, fyrst skráð 2001
8. BO J13 Volvo B12/600, hópibifreið, fyrst skráð 1997
9. PO 041 Volkswagen Transporter, sendibifreið, fyrst skráð 1998
10. HX 412 Scania S 112, hópibifreið, fyrst skráð 1986
11. TV 252 Mercedes Benz O350, hópibifreið, fyrst skráð 1997
12. ET H04 King Long XMQ, hópibifreið, fyrst skráð 2013
13. OL N53 King Long XMQ, hópibifreið, fyrst skráð 2013
14. TM M01 King Long XMQ, hópibifreið, fyrst skráð 2013

## Ýmsir lausafjármunir:

Um er að ræða varhluti í bifreiðar, verkfæri, húsgögn o.fl. Munirnir seljast í einu lagi og því er ekki tekið við tilboðum í einstaka muni.

**Ökutæki og lausafjármunir verða til sýnis kl. 13:00 – 18:00, fimmtudaginn 20. júní n.k. að Hjalteyrageötu 6, Akureyri** eða á öðrum tíma í samráði við skiptastjóra þrotabúsins. Upplýsingar um ökutæki veitir Bjarni Knútsson í síma 820 0820.

Tilboð í fleiri ökutæki en eitt skulu sundurliðuð. Tilboð skulu berast skiptastjóra þrotabúsins eigi síðar en þriðjudaginn 25. júní n.k.

Áskilinn er allur réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

**LÖGMANNSHLIÐ**  
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

Sigmundur Guðmundsson, lögfr. Lögmannshlið lögfræðiþjónusta ehf Pósthólf 271 602 Akureyri Sími 466 2700 sigmundur@logmannshlid.is



**20%**  
AFSLÁTTUR



### KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 x 200 x 78 cm

**175.992 kr.** ~~219.990 kr.~~

IDdesign

**25%**  
AFSLÁTTUR



### CARMEN

Hægindastóll frá Furninova. Ljósbleikt eða ljóst Evita áklæði.

**74.993 kr.** ~~99.990 kr.~~



**25%**  
AFSLÁTTUR

### BERGAMO

Hægindastóll úr dökkgráu leðri.

**139.993 kr.** ~~199.990 kr.~~



**30%**  
AFSLÁTTUR

### ELLY

Nettir, fallegir 2ja og 3ja sæta sófar og stóll í klassískri lögun. Fölbleikt (Dusty Rose) sléttflauel eða dökkgrátt áklæði.

2ja sæta: 145 x 82 x 85 cm

**48.993 kr.** ~~69.990 kr.~~

3ja sæta: 183 x 82 x 85 cm

**62.993 kr.** ~~89.990 kr.~~

Stóll

**38.493kr.**

~~54.990 kr.~~



**25%**  
AFSLÁTTUR

### MAX

Stílhreinn og þægilegur u-sófi, nettur en rúmar vel 4-6. Endingargott, grátt áklæði úr sterkri pólýesterblöndu. Undir sófanum eru þykkir, svartir viðarfætur. Dýpt tungu (styttri tungu): 135 cm ((heild með baki) – lengri tunga/ heildardýpt: 200 cm). Stærð: 286 x 200 x 87 cm

**119.993 kr.**

~~159.990 kr.~~



**25%**  
AFSLÁTTUR

### BERGAMO

Sérlega vandaðir og fallegir, 2ja og 3ja sæta sófar úr dökkgráu leðri.

2ja sæta: 165 x 98 x 91 cm

**195.993 kr.** ~~279.990 kr.~~

3ja sæta: 224 x 98 x 91 cm

**251.993 kr.** ~~359.990 kr.~~



**70%**  
AFSLÁTTUR

### MILANO

2ja sæta leðursófi frá Furninova. Fáanlegur í sementsgráu Nappa leðri. Stærð: 167 x 93 x 81 cm

Grátt Nappa leður

**113.997 kr.**

~~379.990 kr.~~

### BALLINASLOE

Skemmtilegur hornsófi með tungu. Í gráu slitsterku áklæði. Einnig fáanlegt skammel með sama áklæði.

Sófi stærð: 363 x 234 x 99 cm

**224.993 kr.** ~~299.990 kr.~~



**25%**  
AFSLÁTTUR

Skammel stærð: 100 x 100 x 48 cm

**52.493 kr.** ~~69.990 kr.~~



Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 14. júlí 2019 eða á meðan birgðir endast.



# SUMAR ÚTSALA



IDdesign

**30%**  
AFSLÁTTUR

## MEXICO

2,5 og 3ja sæta sofur.  
Dökkblátt, bleikt og  
skógargrænt sléttflauel.

2,5 sæta stærð: 169 x 89 x 87 cm

**55.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 201 x 89 x 87 cm

**62.993 kr.** ~~89.990 kr.~~

Allt að **60%**  
afsláttur

DIALMA BROWN  
INTERIORS & LIFESTYLE



**50%**  
AFSLÁTTUR

**DIALMA (4014)**

Vandaður, stór leðursófi frá ítalska merkinu Dialma Brown. Sófinn er djúpbólstraður með samlitum leðurhnöppum allan hringinn, en það gefur honum ákaflega sérstakt útlit og verður sófinn fókuspunktur í hverju rými. Leðrið er slétt með antíkáferð. Stærð: 222 x 92 x 66 cm

**399.995 kr.** ~~799.990 kr.~~

**25%**  
AFSLÁTTUR



## OTTAWA

Borðstofustóll,  
brúnt, grátt eða svart PVC áklæði.

**8.993 kr.** ~~11.990 kr.~~

**15%**  
AFSLÁTTUR



## YORK

Borðstofustóll. PU-leður. Svart,  
koníaksbrúnt og kúrekagrátt.

**12.742 kr.** ~~14.990 kr.~~

**20%**  
AFSLÁTTUR



## MICHELLE

Borðstofustóll. Svart eða koníaks-  
brúnt PU-leður og svartir fætur.

**14.392 kr.** ~~17.990 kr.~~

**15%**  
AFSLÁTTUR



## LAKE

Borðstofustóll. Svartir  
fætur og kúrekagrátt PU-leður.

**21.242 kr.** ~~24.990 kr.~~



# Pylsan í nýjum búningi

Matreiðslumenn og -gæðingar með nýstárlegar uppfærslur á þjóðarrétti Íslendinga.

## VÍSA Í SÖGUNA Á HLEMMI

Gísl Matthías Auðunsson, matreiðslumeistari á Skál í Mathöllinni á Hlemmi, segir forlata pylsurétt þann vinsælasta á staðnum. „Skál er á sama stað og sjoppan sem var áður á Hlemmi og seldi pylsu í brauði. Við vildum vísa í söguna en gerum okkar útgáfu. Rétturinn er sá vinsælasti á staðnum. Við gerum allt frá grunni og lögum heimagert remúlaði og lakkrístómatsósu með.“



### LAMBAPYLSA Í VÖFFLU

Denis Grbic á Grillinu með pylsu í vöflu, afar vinsælan rétt á Grillinu á Hótel Sögu.



### AF HVERJU EKKI BER OG RABARBARI?

segir Áslaug Snorradóttir sem setur lambapylsur frá Pylsumeistararnum í grænkál í stað pylsubrauðs og ber fram með meðlæti úr náttúrunni og skreytir jafnvel með blómum og berjum.

### ÍTÖLSK PYLSA FYRIR KÓRSTRÁKA

Ámundi Johansen, eigandi Johansen Deli, grillaði salsiccia, ítalskar grillpylsur sem fást til að mynda í Hagkaupum og Melabúðinni. Pylsurnar eru framleiddar hér á landi. Með pylsunum bar Ámundi fram ferskt og sumarlegt salat með appelsínu, sýrðum rauðlauk og fennel.

„Það er gott að setja grillpinna í gegnum pylsuna miðja í kross svo hún haldist saman og skera svoltið í hana svo hún springi ekki,“ segir Ámundi sem segist halda að rétturinn muni slá í gegn hjá félögum sínum í Bartónum, kór sem var stofnaður á Kaffibarnum fyrir nærri áratug.



### MÍÐAUSTURLENSKAR GRÆNMETISPYLSUR

„Ég ákvað að gera miðausturlenskar grænmetispylsur og bera þær fram í naan-brauði,“ segir Ylfa Helgadóttir, matreiðslumeistari á Kopar, sem segir réttinn hafa slegið í gegn. „Lykillinn að góðu bragði er að steikja þær kryddaðar á grillinu.“

Fyrir fjóra

#### Steikt grænmetispylsa með kryddi

2 msk. ólívuolía

½ tsk. paprikuduft

½ tsk. hvítlauksduft

½ tsk. þurrkaður chili/cayenne

½ tsk. salt

½ tsk. timian (eða oregano)

4 grænmetispylsur

4 naan-brauð

#### Aðferð:

Panna sett á hita og olían og öll kryddin sett á pönnuna. Líttsteikið kryddin þar til olían byrjar að krauma. Þá fara pylsurnar á pönnuna, á háum hita og hristið vel í pönnunni þannig að pylsurnar steikist á öllum hliðum og séu vel þaktar í kryddunum. Eftir um 5-7 mínútur af steikingu ætti að vera komin falleg steikingarhúð á þær. Þá má taka þær af og raða naan-brauðinu á pönnuna og láta það draga í sig restina af olíu og kryddum.

#### Sinneps-jógúrtkarrísósa

4 msk. grísk jógúrt frá Bíó bú

2 msk. jalapeno mustard

¼ tsk. túrmerik

½ tsk. karry

Salt á hnífisoddi

Aðferð: Öllu blandað saman.

#### Pistasíu- og döldlugrúkusalat

½ dl pistasíur – gróft hakkaðar

½ dl döðlur – gróft hakkaðar

15 cm bítur af grúku – skorinn í þunnar sneiðar og svo í fern

2 msk. grænt pestó (eða góð ólívuolía)

#### Samsetning:

Smyrjið hummus á naan-brauðið, radið kóríander (eða annari jurtt/salati) ofan á og setjið svo grænmetispylsuna næst. Á pylsuna fer jógúrt-sósan, pistasíusalat og að lokum granatepli.





# Grillað grænmeti

## JARÐARBER

- 1 Þræðið upp á spjót.
- 2 Penslið með hunangi og grillið augnablik.
- 3 Dýfið ofan í hnetusmjör og stráið myntu yfir.



Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á [islenskt.is](http://islenskt.is)

PÚ VEIST  
HVAÐAN ÞAÐ  
KEMUR

Íslenskt  
grænmeti



# FRUMSÝNING Á GLÆNÝJUM MAZDA3 SEDAN

## MEIRIHÁTTAR SÝNINGARTILBOÐ!

## KYNNING Á NÝRRI M-HYBRID TÆKNI

### MAZDA6 SEDAN

Verðlistaverð frá: 4.690.000 kr.

Sýningartilboðsverð frá: 4.190.000 kr.

**-500.000 KR.**  
SÝNINGARAFSLÁTTUR

### MAZDA6 STATION

Verðlistaverð frá: 4.690.000 kr.

Sýningartilboðsverð frá: 4.190.000 kr.

**-500.000 KR.**  
SÝNINGARAFSLÁTTUR



red dot design award  
best of the best 2019



### GLÆNÝR MAZDA3 HATCHBACK

Verðlistaverð frá: 3.490.000 kr.

## LÚXUSUPPLIFUN Í NÝJUM MAZDA3 SEDAN

Með nýrri hönnun Mazda3 SEDAN færir japanski bílaframleiðandinn sig inn á lúxusbílamarkaðinn með gríðarlega vel búnum bíl, með nýrri M-Hybrid vélartækni og á frábæru verði.

Mazda hefur notið mikilla vinsælda og trausts á Íslandi í áratugi sem skilar sér í frábærri endursölu.

Mazda eigendur elska að keyra og nú er komið að þér líka að upplifa tilfinninguna að keyra nýjan Mazda.

Komdu í dag. Við höfum opið frá 12-16.

*Komdu og reynsluaktu!*





# STÓRSÝNING MAZDA Í DAG KL. 12-16

## MAZDA 2

Verðlistaverð frá: 2.420.000 kr.

Sýningartilboðsverð frá: 2.220.000 kr.

**-200.000 KR.**  
SÝNINGARAFSLÁTTUR



## MAZDA CX-3

Verðlistaverð frá: 3.190.000 kr.



## MAZDA CX-5

Verðlistaverð frá: 5.290.000 kr.

Sýningartilboðsverð frá: 4.790.000 kr.

**-500.000 KR.**  
SÝNINGARAFSLÁTTUR



## GLÆNÝR MAZDA 3 SEDAN

Verðlistaverð frá: 3.490.000 kr.

## FRUMSÝNING MAZDA 3 SEDAN

### NÝ M-HYBRID TÆKNI

Brimborg frumsýnir Mazda3 SEDAN með nýrri M-Hybrid tækni sem minnkar eldsneytisnotkun, dregur úr losun CO2 og eykur afl. Nýr Mazda3 SEDAN er gríðarlega vel búinn. Komdu og prófaðu.

KOMDU OG UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU!



Ari Brynjólfsson  
arib@frettabladid.is



Uppnám varð á Alþingi árið 1743 þegar 19 ára stúlka, Sunnefa Jónsdóttir sem hafði verið tví-dæmd til dauða fyrir blóðskömm, sakaði Hans Wíum, sýslumann á Skriðuklaustri, um að vera raunverulegur faðir annars barns síns. Mál Sunnefu tók nokkrar óvæntar stefnur og hljómar allt hið furðulegasta fyrir okkur sem lifum á 21. öld.

Til að gera langa sögu stutta þá varð Sunnefa, gullfalleg 16 ára sveitastúlka á Borgarfirði eystri, ófrísk. Hún bjó í þessum afskekktu firði ásamt móður sinni, stjúpföður og 14 ára bróður.

Við yfirheyrslu hjá prestinum eftir fæðingu barnsins sagði hún að bróðir hennar væri faðir barnsins. Jens Wíum sýslumaður flutti systkinin inn í Fljótsdal þar sem þau voru bæði dæmd til dauða fyrir blóðskömm. Jens lét lífið við sérkennilegar aðstæður og sonur hans, Hans Wíum, tók við embættinu af föður sínum.

Hans hafði verið sýslumaður í Vestmannaeyjum og eignast þar tvö börn í lausaleik. Á þriðja ári í fangavistinni fæðir Sunnefa annað barn. Eftir að það barn fæðist yfirheyrir Hans Sunnefu einn síns liðs er hún liggur illa þjökkuð af bólu-sótt. Játar hún að bróðir hennar sé faðirinn. Þrátt fyrir að bróðir hennar hafi þrátt fyrir það réttar Hans yfir þeim báðum og eru þau í annað sinn dæmd til dauða fyrir blóðskömm.

Á fjórða ári fangavistarinnar er farið með systkinin, þá 19 og 17 ára, á Alþingi. Þar verður uppnám þegar Sunnefa lýsir því yfir að Hans sé faðir seinna barnsins. Dómurinn í fyrra málinu var staðfestur, en þau voru síðar sýknuð af Danakonungi. Málið var mjög umtalað á Íslandi á þessum tíma og þótti það mikill áfellingdómur yfir sýslumanninum.


Átján árum eftir að Sunnefa varð ófrísk að fyrsta barninu stefnir í að systkinin verði loks endanlega sýknuð. Áður en þeim er sleppt deyr Sunnefa. Bróðir hennar er sendur úr landi og endaði líklegast í Finn-mörku.

Fram til þessa hefur sagan að mestu snúist um Hans Wíum og embættisfærslur hans. Hafa þeir sem fjallað hafa um þetta mál viljað mála hann í jákvæðu ljósi, lygaktandi hafi borið upp á hann sakir sem eyðilögðu líf hans eða þá að hann hafi verið taldreginn. Einnig að óvinir hans hafi spunnið úr málinu í þeim tilgangi að ná til sín völdum, Sunnefa og bróðir hennar hafi verið notuð sem peð í þeim valdaátökum.

#### Beið drekkningar í 18 ár

Sumarsýning Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs sem verður opnuð á 17. júní snýst að þessu sinni um að draga fram persónu Sunnefu og endurskoða málið frá hennar sjónarhóli. Sýningin er til komin vegna #metoo-byltingarinnar sem hvatti Kristínu Amalíu Atladóttur, forstöðumann menningarmiðstöðvarinnar, til að skoða gömul sakamál í nýju ljósi.

„Það er úr litlu að móða,“ segir Kristín Amalía. „Fyrir utan þjóð-söguna, sem taka þarf með miklum fyrirvara, er aðeins hægt að þúla saman málinu í gegnum sendibréf og Alþingisbækur sem hafa varðveist. Hún er ekki skráð neins staðar. Það er aldrei skráð hvenær hún er fædd. Það er aldrei skráð að hún hafi dáið. Við hefðum aldrei vitað að hún væri til ef ekki væri fyrir bréf embættismanna. Hún er alltaf aukapersóna í lífi ann-



## Sunnefu gefið andlit

Erla María Árnadóttir, teiknari og myndlýsir, gefur Sunnefu andlit á sýningunni. „Af þessu litla sem er til af útlitslýsingum þá er hún er sögð hafa verið dókk yfirlitum og langleit,“ segir Erla María. „Annað er byggt á þessum karakter sem við getum lesið úr sögunni. Hún var sterk persóna sem þorði að tala. Það skipti okkur máli að sýna sterka íslenska konu sem gekk í gegnum mikið á stuttri ævi.“ Þjóðsagan segir að hún og bróðir hennar gætu hafa verið af frönskum ættum og var einnig tekið tillit til þess. „Hún var ekki með þetta hefðbundna skandinaviska útlit. Hún þótti mjög fögur.“ Erla María vildi ekki gera myndina of nákvæma. „Það verður að vera svigrúm til að fólk geti fyllt upp í eyðurnar.“ Aðrar persónur fá ekki nákvæm andlit, er það gert sérstaklega til að athyglin sé á Sunnefu.



**HÚN ER EKKI SKRÁÐ NEINS STAÐAR. ÞAÐ ER ALDREI SKRÁÐ HVENÆR HÚN ER FÆDD. ÞAÐ ER ALDREI SKRÁÐ AÐ HÚN HAFI DÁIÐ.**



Kristín Amalía Atladóttir.

# Hver var Sunnefa?

**Sunnefa Jónsdóttir** var dæmd til dauða fyrir blóðskömm og eignaðist annað barn sitt í haldi. Á tímum kvenfyrirlitningar og takmarkaðrar heimsmyndar stóð hún uppi í hárinu á valdamönnum.

arra. Það er bara minnst á hana einu sinni í opinberum gögnum fyrir utan Alþingisbækur, það er í Íslendingabók sem segir aðeins að Erlendur Jónsson, bóndi á Bakka, hafi gengist við barni Sunnefu en dregið það til baka.

Umrædan í kringum #metoo hvatti mig til að skoða ákveðin mál í fortíðinni. Þetta er upplifunarsýning. Sagan er að mestu leyti sögð með spjöldum. Við erum með stórkostlegan teiknara með okkur í líði, svo erum við með tvær hljóðmyndir og leikmuni sem byggja á sjónrænum áhrifum ásamt öðru hljóð- og myndefni. Þannig náum við að draga Sunnefu til okkar og segja söguna eins og við vitum hana, en með hana í forgrunni,“ segir Kristín. „Ég vil að fólk átti sig á hvað beið Sunnefu öll þessi ár. Drekkning. Við viljum gefa fólk allar staðreyndir sem vitað er um, svo má alltaf deila um þær. Ég er til dæmis mjög ósam-mála öllum þeim sem hafa skrifað um þetta mál á undan mér,“ segir Kristín.

#### Stuðandi kvenfyrirlitning

Hún tekur það fram að hún sé menntuð á sviði félagsvísinda en ekki sagnfræði. „Ég verð þó að

viðurkenna að ég skil ekki hvernig menn hafa getað verið Hans Wíum. Ég reyndi það, en kemst alltaf að sömu niðurstöðu. Það er varla hægt að líta fram hjá algjöru valdleysi kvenna sem ríkti á þessum tíma og á seinni tímum.“

Nefnir Kristín sem dæmi fullyrðingar um að Sunnefa hafi verið lauslát þar sem hún hafi eignast tvö börn utan hjónabands. Á sama tíma á Hans Wíum að hafa „lent í því óláni að eignast tvö börn fyrir hjónaband“. Á þetta einnig við um seinni tíma skrif um þetta mál. „Þetta er alls staðar og fer að stuða mann. Það er farið með konur og valdalitla karlmenn eins og minnihlutahópa.“

Sunnefa og fjölskylda hennar bjuggu í afskekktum firði, þar sem þó var stutt á milli bæja. Allar heimildir eru sammála um að hún hafi verið gullfalleg og bróðir hennar mjög myndarlegur. Heimurinn sem þau bjuggu í er gjörólikur okkar og segir Kristín það ógjörning fyrir okkur að setja okkur alfarið í þeirra spor. Til dæmis eftir að systkinin hafi verið dæmd til dauða þá hafi þau verið notuð sem ókeypis vinnu-afl á Skriðuklaustri, heimili Hans Wíum sýslumanns.

## Dauðinn ávallt í næsta nágrenni

Tófufoss liggur í Bessastaðaá á Fljótsdalshéraði. Örstutt fyrir neðan hann er drekk-ingarhylurinn þar sem Halldóru Jónsdóttur var drekk saklausri af Jens Wíum, föður Hans. Áin og hylurinn eru stutt frá Skriðuklaustri og hefur Sunnefa því haft hann fyrir augunum þegar hún fór um veginn og hlustað á sögur af drekkingu Halldóru þar 10 árum áður en Sunnefa kom á Skriðuklaustur.

Halldóra var 4 ár á Skriðuklaustri áður en henni var drekk og því hefur heimilisfólk á Skriðuklaustri og bæjum í kring þekkt Halldóru vel og verið drekkingin í fersku minni. „Hylurinn heitir Sunnefuhylur,“ segir Kristín. „Fólk trúði því lengi, og ýmsir trúu því enn, að Sunnefu hefði verið drekk hér af Hans Wíum, löglega eða ólöglega.“

„Við getum ekki sett okkur inn í hugarheim þessa fólks. Við getum gefið okkur nokkra sammannlega þætti, en við getum ekki sett okkur í spor þeirra. Þau voru ólæs, óskrifandi og höfðu fullkomna einfalda heimsmynd, það var bara guðs-orðið. Konur höfðu litlar væntingar, jafnvel engar. Ég sem nútímakona get mjög takmarkað skilið Sunnefu, en staðreyndirnar tala sínu máli.“

Það eru þó nokkur atriði sem Kristín vill draga fram. „Þetta eru ólæsir unglingar gegn löglærdum embættismanni. Þau samþykkja öll lögfræðileg atriði sem Hans Wíum vill, enda vita þau ekkert hvað þau þýða. Það er ljóst af niðurstöðum dóma að embættismönnum mörgum hverjum hefur misboðið embættisfærslur Wíums og rangsleitni.“ Hennar eigið mat á Hans Wíum er afgerandi. „Annaðhvort er maðurinn algerlega vankunnandi í lögum og réttarfarsreglum svo jaðrar við

hálfvitaskap eða hann vill þeim eitthvað illt.“

Aðspurð hvað hún telji að hafi gerst segir Kristín að það byggi að miklu leyti á því sem við sem samfélag þekkjum í dag. „Ég er ekki sannfærð um að Jón hafi átt fyrsta barnið. Það eru margir aðrir sem koma til greina. Að stúlka sem var lýst sem fegurstu konu Íslands, að hún hafi endilega lagst með yngri bróður sínum frekar en öðrum mönnum í nágrenninu verð ég að telja hæpið,“ segir Kristín.

Hefur hún annan mann grun- aðan. „Stjúpaðir þeirra var 17 árum eldri en Sunnefa. Hann giftist móður þeirra að öllum líkindum til að komast yfir bæinn. Fæstir trúðu því að systkinin yrðu dæmd til dauða sökum aldurs. Ef stjúpaðir- inn hefði verið dæmdur þá væri enginn möguleiki á náðun fyrir hann og Sunnefu.“

Varðandi seinna barnið segir Kristín að það þurfi að hafa í huga hvernig komið var fram við vinnu- konur. „Það er hægt að trúa því að systkinin hafi slyst til að hafa samræði þegar þau reyndu að halda á sér hita einhverja dimma og kalda nóttina en að þau geri slíkt aftur á sýslumannssetrinu þekkjandi afleiðingarnar og þegar dauða- dæmið er hæpið. Hitt er þó öllu lík- legra að hinn lausgirti sýslumaður hafi girnst hina heillandi Sunnefu.“

#### Ekkert fórnarlamb

Sunnefa lætur lífið í haldi Hans Wíum áður en þau ná að fara aftur til Alþingis. „Hún deyr líklegast seint árið 1757. Ég held að hún hafi ekki beinlínis verið myrt, en ég held að henni hafi ekki verið hjálpað til að lifa.“

Kristín er þó viss um að ef Sunnefu hefði tekist að ríða til þings sumarið 1758 hefði henni tekist að losna úr haldi. Það mun þó alltaflifa uppnámið sem hún olli á Alþingi sumarið 1743. „Að hún skuli þora að standa upp í hárinu á manni sem hún var fangi hjá, og á ekki von á öðru en hún verði fangi hjá fram að drekkingu. Hún er ekkert fórnarlamb. Hún er sterk.“





LAUGARDAGUR 15. JÚNÍ 2019

Helgin



Flestir landsmenn taka sumarfrí í júlí. Margir ferðast um landið eða dvelja í bústað til að fá einhverja tilbreytingu. Aðrir fara til útlanda. Þá er spurningin: Hvert ætti að fara? ➔4

HVER  
VANN?

Sportíð á frettablaðið.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.



Páll Óskar Hjálmtýsson og Salka Sól Eyfeld stiga á svið á Rútstúni í Kópavogi og skemmta bæði börnum og foreldrum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Páll Óskar og hin glaða Ronja gleðja á Rútstúni

Þjóðhátíðardeginum verður fagnað á Rútstúni í Kópavogi, með skemmtilegri dagskrá fyrir alla fjölskylduna og er það Kópavogsbúinn Salka Sól sem stígur fyrst á svið en Páll Óskar lýkur henni á stórtónleikum síðar um kvöldið. ➔2





Á hátíðinni verða skemmtanir fyrir alla fjölskylduna og metnaðarfull dagskrá eins og vanalega. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

#### Framhald af forsiðu →

Skrúðgangan hefst klukkan 13.30 og lýkur 14.00. Við taka ýmis skemmtiatriði og meðal annars mun Salka Sól bregða sér í búning Ronju ræningjadóttur. Ronja ætlar að tala um vorið og allar verurnar í Matthíasarskógi, syngja lög og fá krakkana til að syngja með.

#### Krökkunum finnst Ronja skemmtileg

„Þegar Ronja kemur fram þá syngja allir krakkarnir með hástöfum og þekktu sögunum. Mér finnst það æði. Það sem ég elska mest er að krakkarnir verða svo ótrúlega góðir þegar þeir syngja Anímónusönginn.“ sem er lag sem Ronja syngur í sýningunni. „Þetta er fallett lag sem fjallar um falletta hluti þannig að þau verða eitthvað svo ótrúlega góð. Það verða allir svo stilltir þegar þeir syngja lög hennar Ronju. Ég held að krökkunum finnst Ronja líka bara skemmtileg, enda er hún ævintýrastelpan.“

Salka er sjálf úr Kópavoginum, en hún flutti þangað sjö ára og fór alltaf á hátíðina á Rútstúni með fjölskyldu sinni. Hún byrjaði snemma að taka þátt í hátíðinni með beinum hætti, ýmist sem trompetleikari, í brúðuleikhúsinu, starfsmaður félagsmiðstöðvar eða söngkona í Amabadama, enda hefur Salka komið víða við.

#### Stemmingin alltaf góð

Salka segir að í minningunni hafi stemmingin á hátíðinni alltaf verið jafn góð. „Kópavogsbær er svo ótrúlega heppinn að eiga skólahljómsveit Kópavogs sem gerir allar bæjarhátíðir betri.“ Sjálf spilaði Salka á trompet fyrir hljómsveitina.

Hún byrjaði að þramma með trompetið þegar hún var um 13 ára gömul og hélt uppi stemmingunni í skruðgöngunni. „Tök Öxar við

Þegar Ronja kemur fram þá syngja allir krakkarnir með hástöfum og þekktu sögunum. Mér finnst það æði. Það sem ég elska mest er að krakkarnir verða svo ótrúlega góðir þegar þeir syngja Anímónusönginn.

Salka Sól Eyfeld

ána, það er kominn 17. júní og fleiri góða smelli. Mér fannst það alltaf ótrúlega gaman.“ Það er mikil tækni á bak við þrammið í skruðgöngum. „Maður þarf að læra hvenær maður á að byrja lagið í tengslum við trommusláttinn, hvenær maður á að taka stór skref í beygjum og hvenær maður á að taka litil skref, það fer eftir hvort þú ert hægra eða vinstra megin í skruðgöngunni. Þetta er rosaleg tækni.“

#### Skemmtilegast var að spila í skruðgöngunni

Salka var tvö ár í röð í götuleikhúsi Kópavogs og byrjaði að sýna með þeim þegar hún var í kringum 15 ára aldur. „Þá voru leikararnir í götuleikhúsinu að labba í skruðgöngunni í búningum.“

Um tíma var Salka að vinna í félagsmiðstöð en starfsmenn félagsmiðstöðva Kópavogs taka virkan þátt í hátíðinni. „Þá var maður oft í gulu vesti á hátíðinni að passa upp á allt.“

Skemmtilegast var samt að spila í hljómsveitinni og Salka segist enn grípa í trompetið við sparitækifæri. „Það var gaman að þramma fram hjá mömmu og pabba sem vinkudu manni, ég gat náttúrulega ekkert vinkað til baka með báðar hendur á trompetinum, rosalega mikið að einbeita mér.“

## Elskar að troða upp

Páll Óskar lokar hinum árlegu 17. júní stórtónleikum á Rútstúni í ár. Hann lofar stuði, ætlar að stríða gestum og frumflytja nýtt lag.

„Ég hef alltaf elskað að troða upp og með árunum elska ég það bara meira. Ég er svo þakklátur fyrir að vera enn á svæðinu núna árið 2019, ég hef aldrei verið í betra formi og er enn þá að búa til nýja tónlist. Ég hef séð marga listamenn koma og fara. Atvinnuöryggið mínu starfi er litit sem ekkert. Ég get ekki sagt neitt annað en eitt risastórt takk.“

Hann segir sumarið fara í að spila á bæjarhátíðum út um allt land. Hann byrjaði í Grindavík á sjómannadaginn, þá sé það þjóðhátíðardagurinn á Rútstúni, sá fyrsti í mörg ár þar sem hann kemur fram á 17. júní og svo heldur hann áfram á bæjarhátíðum úti um allt land fram á haust.

#### Gefur allt í tónleikana

Páll Óskar segir það ekki skipta máli fyrir hverja eða hvaða aldur hann sé að spila því hann gefi ávallt alla sína orku í tónleikana sína og á Rútstúni verði engin undantekning þar á. „Það fá allir sama sjóvið, sömu orkuna. Ég elska að gíra mig upp og gefa af mér. Það er alltaf best að spila gömlu lögin í bland við þau nýju og það mun ég gera 17. júní.“

Honum finnst tilhugsunin um að vera enn þá að semja ný lög, frábær. „Bransinn hefur eðlilega gjörbreytt síðan ég byrjaði árið 1991. Fasta formið er dottið út, nú er öllu streymt, en það stoppar ekki íslensku tónlistarmennina frá því að dæla út lögum og myndböndum. Stærsti munurinn er að nú þarftu ekki nauðsynlega að gefa út plötur, það er nóg að gefa út eitt lag í einu.“

Híð eina sem hefur ekkert breyst er að tekjur íslenskra tónlistarmanna hafa alltaf komið af tónleikahaldi, en sjaldnar eða jafnvel aldrei af plötuútgáfu. Núna

#### 10.00

17. júní hlaup fyrir börn í 1.-6. bekk á Kópavogsvelli.

#### 13.30

Skrúðganga frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni. Skátafélagið Kópar og Skólahljómsveit Kópavogs. Nýstúdent og fjallkona leiða gönguna.

#### 14.00

Hátíðar- og skemmtidagskrá á Rútstúni. Kynnir er Vilhelm Anton Jónsson.

Skólahljómsveit Kópavogs spilar undir stjórn Jóhanns Björns Ævarssonar í upphafi dagskrár. Bæjarstjóri Kópavogs, Ármann Kr. Ólafsson, flytur ávarp, nýstúdent flytur ræðu og fjallkona flytur ljóð. Þá taka við skemmtiatriði en fram koma: Ronja ræningjadóttir, Skoppa og Skritla, Ingó Veðurguð, sigurvegari söngkeppni Samfés, Sveppi, Jói P og Króli, Svala Björgvins og Karma Brigade.

#### 14.00-17.00

##### Á Rútstúni og víðar

Götuleikhús Kópavogs verður á flakki með alls kyns sprell.

Leiktæki, barnatjald fyrir 0-5 ára, hoppukastalar, veltibíll, andlitsmálun og fleira.

Íþrótt- og æskulýðsfélög verða með sölutjöld á Rútstúni.

Hjálparsveit skáta í Kópavogi verður við enda Vallargerðisvallar, býður upp á klifurvegg og sýnir tæki og búnað.

#### 14.00-17.00

##### Útisvæði við Menningarhús Kópavogs.

Ærslabelgurinn, hoppukastalar, Skapandi sumarhópar úr Molanum, Krakkahestar (frá kl. 15), andlitsmálun og fleira. Ratleikur um öll Menningarhúsin, sýningin Útlína í Gerðarsafni, dýr, fiskar og jarðfræði í Náttúrufræðistofu og notalegheit á bókasafninu. Gerðarsafn og Menningarhúsin verða opin frá kl. 11-17.

#### 19.50

##### Stórtónleikar á Rútstúni

Fram koma Blóðmör, GDRN, Sísý Ey og Páll Óskar.



Páll Óskar frumflytur nýtt lag á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

er allt tónleikahald á svo miklu betri standard heldur en í gamla daga. Maður var að bögglast við að þykjast vera einhver poppstjarna uppi á skólkassa úti á túni, spilandi í gegnum hljóðkerfi sem var fengið að láni úr stofunni heima hjá ömmu. Við erum öll búin að læra svo mikið síðan þá. Fagmennskan sem einkennir allt tónleikahald á Íslandi í dag gerir það að verkum að mér líður miklu betur uppi á sviði í dag, hljóð og ljós eru alltaf fyrsta flokks og það sést á mér hvað mér líður vel. Þessa vellíðan gef ég svo áfram til áhorfenda og svo ráða þeir hvort þeir taki við henni og klappi.“

#### Alltaf sól

Páll Óskar segir æskuminningar frá 17. júní vera umluktar sól, hann muni bara eftir sól á þjóðhátíðardeginum og speningnum við að fara með eldri systur sínum

niður í bæ, fá blóðru með íslenska fánanum og bleikt kandifloss, eina skiptið á árinu sem hann fékk sykur af því tagi. Þá hafi hann verið sólríkur þjóðhátíðardagurinn sem hann tróð fyrst upp á, en það var árið 1991 með Mariusi vini sínum. Þeir komu fram í dragi sem tvær íslenskar fjallkonur og sungu íslensk ættjarðarlög.

Eftir að Stuðplatan hans kom út árið 1993 fór hann að syngja eigið efni og hefur gert það allar götur síðan.

„Sól og aftur sól segi ég og hef því pantað sól þann sautjanda, mun gefa allt á sviðinu alveg til síðasta blóðdropa. Það verður sko enginn afsláttur gefinn og ég elska það. En í þetta skiptið ætla ég að stríða liðinu með nýjum slagara. Það koma síðan fleiri lög á árinu en á Rútstúni ætla ég að prufukeyra fyrsta lagið af hinu nýja efni og ég hlakka til!“



# 70% minni verkir með Bio Kult

Rannsóknir sýna fram á að inntaka á Bio-Kult Original getur dregið verulega úr einkennum iðraólgu (IBS) og ristilkrampa. Talið er að tíðni verkjakasta minnki um rúmlega 70 prósent.

**P**armaflóran samanstendur af meira en 1.000 tegundum örvera sem vega hátt í tvö kíló. Hún gegnir gríðar mikilvægu hlutverki þegar kemur að heilsufari okkar, hvort sem um er að ræða líkamlega eða andlega heilsu.

## Ójafnvægi á þarmaflóru

Þegar þarmaflóran (örveruflóran) í meltingarveginum verður fyrir hnjaski og það kemst ójafnvægi þar á, koma fram óþægindi sem geta verið af ýmsum toga.



**“Allir ættu að taka inn góðgerla (probiotics) til að auka líkur á heilbrigðu lífi og hefur Bio Kult reynst mörgum vel.**

Hrönn Hjálmsdóttir, heilsu-  
markþjálfari hjá Artasan


við mikla streitu.

## Bio Kult minnkar einkenni iðrabólgu

Vísindalegum rannsóknum á þarmaflóru okkar manna fleygir hratt fram og þurfum við sífellt að vera að endurskoða viðhorf okkar og sjónarmið því skilningur okkar á hlutverki hennar í líkama okkar er sífellt að aukast. Framleiðendur Bio-Kult gerlanna hafa látið gera mikið af tvíblindum, klínískum rannsóknum sem sýna fram á ótrúlega jákvæða virkni gerlanna þegar kemur að því að draga úr þeim einkennum sem nefnd voru hér áður. Nýlega voru birtar niðurstöður rannsókna sem gerð var á hópi fólks sem þjáðist af iðraólgu og voru þær afar áhugaverðar.

## 70% minni verkir

Í rannsókninni var 360 manna hópi skipt til helminga og fékk annar hópurinn BioKult Original sem inniheldur 14 mismunandi gerlastofna á meðan hinir fengu lyfleysu (placebo). Tekin voru 4 hylki á dag í 16 vikur áður en árangurinn var metinn. Marktækur munur var á hópnum en iðraverkir þeirra sem tóku inn Bio-Kult Original höfðu minnkað um nærri 70% (samanborið við



Iðraólgu verður yfirleitt fyrst vart hjá ungu fólki og hrjáir að jafnaði 15-20% fullorðinna en flestir eru á aldrinum 20-50 ára.

47% í samanburðarhópnum). Einnig hafði tíðni verkjakasta hjá Bio-Kult hópnum dregist saman um rúm 70%. Í lok rannsókna voru 34% þeirra sem höfðu fengið Bio-Kult Original einkennalausir á meðan það voru einungis 13% í samanburðarhópnum.

## Geta allir tekið góðgerla?

Allir geta tekið inn góðgerla til að hjálpa til við að halda þarmaflórunni í jafnvægi. Fjöldi örvera í meltingarveginum er gríðarlega

mikill og það getur verið flókið og dýrt ferli að ætla að greina hvert tilfelli fyrir sig nákvæmlega. Sem betur fer eru góðgerlar til inntöku hættulausir og í versta falli verður engin breyting. Það getur einfaldlega þýtt að önnur tegund, samsetning stofna eða magn henti betur.

## Mataræði, lyf og streita

Það er ýmislegt sem getur valdið ójafnvægi á þarmaflórunni þannig að við finnum fyrir því. Slæmt mataræði hefur mikil áhrif og eins og alltaf þá eru unnin matvæli og sykur þar fremst í flokki. Lyf eins og sýklalyf, sýrubindandi lyf og gigtarlyf eru slæm fyrir þarmaflóruna og svo getur streita einnig haft alvarlegar afleiðingar í þörmunum, eins og víða annars staðar í líkamanum.

## Hvað er iðraólga (IBS)?

Iðraólga sem sumir þekkja sem ristilkrampa á sér stað við truflun á starfsemi ristils og smáþarma á þann hátt að í stað þess að dragast reglubundið saman og flytja þannig fæðuna taktfast áfram þá verða samdrættir á mismunandi stöðum ristils og smáþarma samtímis. Þessar truflanir koma oftast í kjölfar máltíða. Afleiðingar þessara óreglulegu samdrátta eru þær að fæðan berst tregar niður meltingarveginum og frásog vatns truflast með þeim afleiðingum að hægðirnar verða harðar en geta einnig stundum orðið linar eða jafnvel að þunnum niðurgangi. Iðraólgu verður yfirleitt fyrst vart hjá ungu fólki og hrjáir að jafnaði 15-20% fullorðinna en flestir eru á aldrinum 20-50 ára. Konur eru í meiri áhættu svo og þeir sem lifa

# MAGNESÍUM

frá BetterYou

Getur verið slakandi, dregið úr krömpum og fótapirringi ásamt því að bæta svefn.



Olíuúði

Fyrir alla sem finna fyrir eymslum og þreytu í vöðvum.



Olíuúði

Fyrir íþróttafólk og þá sem stunda mikla hreyfingu. Flýtir endurheimt vöðva.



Olíuúði

Fyrir svefninn. Stuðlar að meiri ró og hefur reynst vel við fótaeirið.



Gel

Fyrir þreytta og auma vöðva. Hátt magnesíum innihald og hröð upptaka.





Eftirlíking af Björgvin í Noregi í Legolandi. Það þurfti ansi marga kubba í þessar byggingar. NORDICPHOTOS/GETTY

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Líklega eru margir þegar búnir að ákveða fríð og panta sér far til annarra landa. Alltaf eru þó einhverjir sem fá skyndihugmynd og vilja drífa sig í hvelli. Það eru margir góðir kostir í boði fyrir fjölskyldur. Grikkland hefur mikið aðdráttarafl en aðrir kjósa Spán, nú eða bara vilja heimsækja frændur okkar í Skandinavíu.

Það er hægt að finna mjög góðar strandir á Norðurlöndum, meira að segja með pálmatrjám, til dæmis í Frederikshavn, Helsingborg og Kristiansand. Það geta verið heit og góð sumar hjá nágrennaþjóðum okkar, til dæmis var Mallorca-veður þar í fyrra-sumar. Á veturna færa þeir hins vegar pálmatrén inn.

Svíþjóð er mikið sótt af ferðamönnum á sumrin enda alls kyns ævintýri sem bíða þar. Mælt er með að aka frá norsku landamærunum til Gautaborgar. Á leiðinni eru fallegir smábærir og litlir gististaðir. Akið í gegnum Grebbestad, Strømstad og Smøgen að ekki sé minnst á Fjellbäcka sem núna er þekktastur sem blóðugasti bærinn eftir að bækur Camilla Läckberg urðu vinsælar en hún er vel þekktur glæpasagnahöfundur. Þá er ævintýri að heimsækja heiminn hennar Astrid Lindgren í Vimmerby í Smálöndunum en börn um víða veröld þekkja vel sögupéronur hennar. Einnig er áhugavert að skoða Abba-safnið í Stokkhólmi.

Það er líka margt fallett að sjá í Noregi, í dölum undir háum fjöllum. Í hinum stórbrotna Slogen er villt náttúran umvafin mikil-

# Júli er tími ferðalaga

Flestir landsmenn taka sumarfrí í júlí. Margir ferðast um landið eða dvelja í bústað til að fá einhverja tilbreytingu. Aðrir fara til útlanda. Þá er spurningin: Hvert ætti að fara?



TusenFryd Amusement Park hefur upp á ótrúlega margt skemmtilegt að bjóða. MYND/VISIT NORWAY



Astrid Lindgren-heimurinn er gríðarlega spennandi staður fyrir fjölskylduna, jafnt smáa sem stóra.

fenglegu útsýni. Frábært fyrir fjallagarpa að fara í gönguferðir á þessum slóðum. Í ýmsum sveitum í Noregi er hægt að leigja sumar-bústað. Stór skemmtigarður er rétt utan við Ósló þar sem hægt er að eyða heilum degi með börnunum. Garðurinn heitir TusenFryd Amusement Park og hefur upp á ótrúlega margt skemmtilegt að bjóða fyrir allan aldur.

Kongsberg jazzfestival er stærsta djasshátíð Noregs. Hún fer fram dagana 3.-6. júlí í Kongsberg. Mörg þekkt nöfn koma þar fram og má nefna Jamie Cullin, Madrugada, Take 6 og Acapella. Hægt er að kynna sér dagskrána á heimasíðunni kongsbergjazz.no.

Kristiansand, Palmesus er ein stærsta strandveisla á Norðurlöndum. Hún fer fram 5.-6. júlí. Það er mikið stuð á ströndinni og þegar partið er búið um miðnætti færast fjörið inn í bæinn. Meðal þeirra sem koma fram eru Marshmello, Tiësto, Alan Walker, Ferrari og Sigrid.

Í júlí verða margvíslegar uppákomur hjá frændum okkar á Norðurlöndum. Ein sú frægasta er Hróarskelduhátíðin í Danmörku. Hún er stærsta og vinsælasta útihátíðin á Norðurlöndum. Hátíðin stendur yfir dagana 29. júní til 6. júlí. Mikill fjöldi frægra tónlistarmanna kemur þar fram. Íslendingar hafa fjölmennt þangað á hverju ári. Auk þess er alltaf gaman að heimsækja Kaupmannahöfn, dýragarðinn, Tívolið eða Legoland í Billund.

Skoðið [visitnorway.com](http://visitnorway.com), [visitdenmark.com](http://visitdenmark.com) og [visitsweden.com](http://visitsweden.com) til að fá góðar hugmyndir um afþreyingu og spennandi staði í þessum löndum.

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN Í LEIÐSÖGUSKÓLANUM

## DRAUMASTARFIÐ Í DRAUMALANDINU

Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn, gæti leiðsögunám verið fyrir þig

Fjölbreytt nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika  
Innritun stendur yfir



Menntaskólinn í Kópavogi

Hótel- og matvælskólinn  
Ferðamálskólinn og Leiðsöguskólinn

LEIÐSÖGUSKÓLINN SÍMI: 594 4025



[www.mk.is](http://www.mk.is)



# Þriðjungur Íslendinga sefur of lítið

Svefntruflanir eru mjög algengar á meðal Íslendinga en fjöldi fólks upplifir svefnleysi í einhvern tíma.

Einn af hverjum þremur Íslendingum þjáist af svefnleysi og einn af hverjum sjö þjáist af langvarandi svefnleysi. Margar ástæður geta legið þar að baki eins og t.d. álag, áhyggjur, verkir, barnaupplendi, vaktavinna eða sjúkdómar. Á þessum árstíma er birtan líka að trufla marga.

„Margir eiga erfitt með að sofna, vakna oft á nóttu eða vakna jafnvel eldsnemma og geta ekki sofnað aftur,“ segir Elsa Steinunn Halldórsdóttir, doktor í lyfjafræði og þróunarstjóri Florealis. „Svefntruflanir eru fljótar að hafa áhrif á líðan okkar og frammistöðu. Fólk finnur strax fyrir þreytu yfir daginn, lakari einbeitingu, eirðarleysi og er ekki eins vel í stakk búíð að takast á við sin daglegu verkefni og þegar það er úthvilt. Langvarandi svefnkortur hefur sérstaklega slæm áhrif á heilsuna og eykur líkur á depurð, þunglyndi og kvíða. Það kemur alltaf að skuldadögum fyrr eða síðar,“ segir Elsa.



Elsa Steinunn Halldórsdóttir er doktor í lyfjafræði og þróunarstjóri Florealis.

## Eina lyfið án lyfseðils við svefntruflunum

Jurtalyfið Sefitide frá Florealis er eina lyfið á Íslandi við svefntruflunum og vægum kvíða sem fæst án lyfseðils í apótekum. Sefitide

stýttir tímann við að sofna og bætir gæði svefns.

Lyfið inniheldur útdrátt úr garðabrúðurót (valeriana) en róandi áhrif jurtarinnar hafa lengi verið viðurkennd og staðfest

í klínískum samanburðarrannsóknunum.

„Sefitide er tekið inn að kvöldi og hjálpar viðkomandi að róast og sofna. Það dregur úr því að fólk sé að vakna oft á nóttunni og stuðlar

„Svefnkortur hefur sérstaklega slæm áhrif á heilsuna og það kemur alltaf að skuldadögum fyrr eða síðar.“

Elsa Steinunn Halldórsdóttir

 Sími 824 9098



OPIÐ HÚS Í SÝNINGARÆÐSTÖÐU LAUGARDAGINN 15. JÚNÍ, KL. 13.00 -14.00

# Efstaleiti 19-27 Lágaleiti 1-9

NÚTÍMALEGT ÍBÚÐARHVERFI Á BESTA STAÐ Í BORGinni



**VANDAÐAR OG NÚTÍMALEGAR ÍBÚÐIR SEM HENTA MISMUNANDI FJÖLSKYLDUSTÆRÐUM**  
 Efstaleitið er sannkallað miðborgarhverfi í göngu-færi við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði.

**Verð frá 28.400.000 kr. / Afhending sumar 2019**

**Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna fyrir utan votrymi. Rut Kára innanhúsarkitekt sá um að velja saman efni og liti á innréttingum. Sér bílastæði í bílageymslu með flestum íbúðum.**

**Brynjar Þór Sumarliðason**  
 löggiltur fasteignasali  
 brynjar@eignamidlun.is  
 Sími 896 1168



**Þórarinn M. Friðgeirsson**  
 löggiltur fasteignasali  
 thorarinn@eignamidlun.is  
 Sími 899 1882



**Ármann Þór Gunnarsson**  
 löggiltur fasteignasali  
 armann@eignamidlun.is  
 Sími 847 7000



**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir**  
 löggiltur fasteignasali  
 hrafnhildur@eignamidlun.is  
 Sími 862 1110



**Hreiðar Levy Guðmundsson**  
 nemi til lögg. fasteignasala  
 hreidar@eignamidlun.is  
 Sími 661 6021







„Er það öryggi að skulda mikið?“ spyr Eygló Harðardóttir sem segir hugmynd sína um gott heimili snúast um liðan og gott fjölskyldulíf frekar en eignarhald.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



## Öll störf eru mikilvæg

Við stefnum á að tyrfa þakið í sumar,“ segir Eygló Harðardóttir og tekur á móti blaðamanni í húsi sínu sem er í byggingu í Mosfellsbæ. Eiginmaður hennar, Sigurður E. Vilhelmsson, er líka heima, heilsar en hverfur svo frá í framkvæmdirnar.

Eygló er í stuttu fríi að hlaða batteríin en svo fer hún aftur á Hótel Sögu þar sem hún er í starfsnámi sem matreiðslunemi.

### Nútímalegur torfbær

„Þetta verður nútímalegur torfbær, við fluttum inn í október 2017, í sama mánuði og ég hætti á Alþingi. Við höfðum áður haldið til í hjólhýsi fyrir utan húsið en það var orðið kalt og vindasamt. Þegar kysurnar okkar voru flúnar inn í hús komum við á eftir,“ segir Eygló og hlær. Þótt húsið sé í raun enn byggingarsvæði er afar notalegt um að litast og allt til alls. „Hér er bráðabirgðahús sem ég smíðaði úr afgangsmótatímri, salerni og sturta en við vorum ekki með sturtuna í hálf ár eftir að við fluttum inn og fórum bara í sund á hverjum degi.“

Nú er eitt herbergi í húsinu nánast alveg tilbúið eins og við viljum hafa það, og það er svefnherbergið,“ segir Eygló og býður til sætis í stofunni þar sem eru stórir gluggar á tvo vegu. Útsýnið er fallett, í garðinum hefur Eygló sett niður matjurtir og köttur læðist sældarlegur um í grasinu.

„Nú er Siggí að ganga frá þakköntum og búa þakið undir torfið. Þar kemur annað lag af dúk og svo takkadúkur sem er til þess að halda vatni svo torfið verði ekki of þurrt. Þar ofan á kemur loks þrefalt lag af torfi,“ segir Eygló um næstu skref í byggingarframkvæmdunum.

**Eygló Harðardóttir**, fyrrverandi ráðherra, starfar nú sem matreiðslunemi á Hótel Sögu, byggir torfbæ í Mosfellsbæ og vinnur ásamt Kvennaathvarfinu að byggingu fjölbýlishúss fyrir þolendur heimilisofbeldis.

### Er það öryggi að skulda mikið?

Eygló og Sigurður eiga tvær dætur, þrettán og níttján ára. Þau hafa verið saman í 22 ár og giftu sig árið 2000, sama ár og eldri dóttir þeirra fæddist.

„Við vorum bæði í FB en kynntumst reyndar ekki í skólanum, yngri systir hans er vinkona mín. Við höfum reynt ýmislegt á húsnæðismarkaðnum en alltaf liðið vel,“ segir Eygló.

„Ég hef verið á leigumarkaði, ég hef líka átt húsnæði en þá fannst mér ég bara vera að leigja af íbúðalánasjóði. Áður en við fluttum hingað þá bjuggum við í Hafnarfirði í miðbænum á rólegum stað og það var mjög fínt. Þar áður leigðum við litla íbúð í Vesturbænum vegna þingstarfanna en fórum heim um helgar til Vestmannaeyja á meðan ég var þingmaður Sudúrkjördæmis þar sem við áttum gamalt hús. Það fannst okkur líka mjög fínt,“ segir Eygló og segist halda að það séu aðrir hlutir mikilvægari þegar kemur að hamingju heimilisins en eignarhald. Hún segist aðspurð ekki

hafa fundið fyrir meira öryggi þegar hún átti sitt eigið húsnæði en þegar hún var á leigumarkaði. „Því hvað er öryggi? Er það öryggi að skulda rosalega mikið?“

### Áskorun að byggja

Það er ekki alltaf þannig að fólk eigi húsin sín, mér finnst stundum eins og húsið eigi fólk sem býr í því,“ segir Eygló og segir sérstakan anda og stemningu fylgja hverjum íverustað. Það er fyrst og fremst áskorun að byggja og frábært að fá tækifæri til þess. Eftir því sem ég er meira í byggingarframkvæmdum, hvort sem það er hér heima eða fyrir Kvennaathvarfið, þá eykst virðing mín fyrir þeim sem starfa í þessum iðnaði. Ég skil núna miklu betur af hverju framkvæmdir taka oft langan tíma, það eru mörg handverk á bak við hvern einasta hlut sem þarf að gera.“

Eygló hefur nóg fyrir stafni því auk þess að vinna á hefðbundnum tólf tíma vöktum við matreiðslu á Hótel Sögu stýrir hún undirbúningi og framkvæmdum við fjölbýlishús

fyrir Kvennaathvarfið og er stjórnarformaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

### Fastar í athvarfinu

Eygló rifjar upp að þegar hún var félags- og húsnæðismálaráðherra hafi Sigprúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, komið til hennar í ráðuneytið og rætt við hana stöðuna í athvarfinu.

„Hún greindi mér frá aukinni aðsókn í Kvennaathvarfið og að konur þyrftu að dvelja þar sífellt lengur vegna erfiðrar stöðu á húsnæðismarkaði. Því þegar kona fer út af heimili sínu vegna ofbeldis er hún heimilislaus. Þegar hún er tilbúin til þess að fara úr athvarfinu þarf hún að finna sér annað heimili og oft að byrja frá grunni, tekur sjaldnast neitt með sér nema börnin og kannski einhverjar flikur. Sigprúður greindi mér frá því að konurnar ættu í miklum erfiðleikum með að finna sér húsnæði. Og hvort sem það var hringt úr athvarfinu eða konurnar hringdu sjálfar voru leigusalar hikandi. Margar þessara kvenna eru af erlendum uppruna og því ekki með sama tengslanetið, það getur verið stór hindrun,“ segir Eygló og segist hafa farið í að skoða úrræði í heiminum fyrir konur í þessari stöðu.

### Af hverju byggði þið ekki bara?

„Ég las lokaritgerð Thelmu Guðmundsdóttur félagsráðgjafa, sem starfar í Kvennaathvarfinu, um stöðu þessara kvenna þar sem niðurstaðan var að peningaleysi og skortur á húsnæði væru helstu hindranir fyrir því að konur öðlist sjálfstæði eftir ofbeldissamband. Í ritgerðinni kynnti hún úrræði þar sem þolendur fá eigið húsnæði, borga leigu og fá stuðning félagsráðgjafa til að byggja upp líf sitt aftur. Mér fannst þetta áhugaverð leið og fór að leita upplýsinga. Ég fann samtök í Kanada sem buðu upp á mjög fjölbreytt húsnæði fyrir



**STUTTU EFTIR AÐ ÉG  
HÆTTI Í RÁÐUNEYNTINU  
BANKAÐI ÉG UPP Á HJÁ  
HENNI OG SPURÐI HANA  
HVORT ÉG MÆTTI EKKI  
HJÁLPA HENNI AÐ GERA  
ÞETTA AÐ RAUNVERULEIKA.  
OG HÚN SAGÐI  
BARA JÚ!**

konur sem hafa verið beittar ofbeldi, byggðu og ráku það sjálfar. Sigprúður segir að ég hafi sagt við hana í kjölfarið: Af hverju byggði þið ekki bara? Og mér skilst að hún hafi ekki verið alveg nógu sátt við mig eftir þennan fund,“ segir Eygló og brosir að minningunni og segir að sem betur fer hafi Sigprúður ekki verið ósátt við hana lengi. „Því stuttu eftir að ég hætti í ráðuneytinu bankaði ég upp á hjá henni og spurði hana hvort ég mætti ekki hjálpa henni að gera þetta að raunveruleika. Og hún sagði bara: Jú! Og svo sagði öll stjórn Kvennaathvarfsins líka jú. Byrjum og sjáum hvar við endum!“

### Fá stjórn yfir eigin lífi

Eygló segist hafa hrifist af starfi Kvennaathvarfsins og þeim jákvæða baráttuanda sem þar ríkir. „Ég fékk góða innsýn í reksturinn þegar ég var á þingi og í ráðuneytinu. Ég heimsótti athvarfið og starfsmenn þess ná að búa þeim sem sækja athvarfið gott umhverfi sem stuðlar að vellíðan. Mjög margir mættu taka Sigprúði og hennar ➔





NÝTT Í SÖLU / OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 16. JÚNI, KL. 13.00 - 14.00

# Gerplustræti 17-23

GLÆSILEGT ÚTSÝNI TIL SUÐURS OG VESTURS




## FULLBÚNAR NÝJAR ÍBÚÐIR VIÐ GERPLUSTRÆTI 17-23

Um er að ræða tvö, fjögurra hæða, 11 íbúða lyftuhús sem standa efst í Helgafellslandi, beint fyrir ofan skólann og er glæsilegt útsýni til suðurs og vesturs.

Íbúðirnar eru tveggja til fimm herbergja, gengið inn frá stigahúsi. Birt stærð íbúða er 81-158 fm. Íbúðunum fylgja svalir en á jarðhæð er sérafnotareitur. Allar innréttingar eru frá GKS, innihurðar og gólfefni frá Parka og flísar frá Flísabúðinni. Hefðbundið ofnhitakerfi, flísar á baðherbergjum og þvottahúsum þar sem það á við. Innveggir eru hlaðnir létsteypu. Húsin verða að stærstum hluta klædd með slétri álklæðningu.

- Íbúðum skilað fullbúnum með öllum gólfefnum.
- Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu.
- Ísskápur og innbyggð uppþvottavél fylgja
- Verð frá 39.900.000 kr.
- Áætluð afhending á fyrstu íbúðum er júlí-ágúst 2019.

[www.270.is](http://www.270.is)

 VÍÐSKIPTAVIT

 NÁNARI  
 UPPLÝSINGAR


**Hilmar**  
 hilmar@eignamidlun.is  
 824 9098



**Daði**  
 dadi@eignamidlun.is  
 824 9096





Eygló við húsið sem hún byggir með eiginmanni sínum, Sigurði E. Vilhelmssyni, í Mosfellsbæ. Þau tóku bæði áfanga í húsasmíði í FB áður en hafist var handa. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

fólk sér til fyrirmyndar. Þau eru svo jákvæð, gefast aldrei upp og sjá alltaf tækifæri fyrir sitt fólk," segir hún og segir mikilvægt að íbúðirnar sem eru í byggingu stuðli að sjálfstæði kvennanna og betra lífi.

„Íbúðirnar verða að vera heimili þeirra. Það er rík áhersla lögð á það. Þær flytjast í íbúðirnar þegar þær eru ekki lengur í hættu vegna ofbeldisins. Þær leigja íbúðina og stýra sínu lífi með aðstoð frá góðum ráðgjöfum og öðrum fjölskyldum í húsinu sem hafa gengið í gegnum sömu hluti.“

Eygló segir byggingu hússins fyrst hafa orðið raunhæfa þegar Gróa Ásgeirsdóttir, Guðný Pálsdóttir og Elísabet Sveinsdóttir sem standa að kynningar- og fjáröflunaráttakinu; Á allra vörum, hafi ákveðið að taka málefnið fyrir. Í söfnunarþætti fyrir byggingu hússins söfnuðust 80 milljón krónur.

„Við erum ofboðslega þakklátar því átakið gerði það að verkum að byggingin varð að raunveruleika. Þær fengu meira að segja borgarstjóra til að gefa lóð undir bygginguna sem verður á góðum stað miðsvæðis í borginni nálægt stærstu vinnustöðum og skólum landsins," segir Eygló. Fleiri hafa stutt við verkefnið, og á meðal Íbúðalánasjóður með stofnframlagi í gegnum Almenna íbúðakerfið, Soroptimistar og fleiri, og nú síðast gáfu Oddfellowar athvarfinu andvirði tveggja heilla íbúða og rúm í allt húsið.

„Við vorum að fá samþykktu umsókn okkar um byggingaráform, hún var samþykkt í byrjun maí og nú erum við að taka saman gögn til að fá framkvæmdaleyfi," segir Eygló og dregur fram þykkan bunka af skjölum og teikningum af

stofuborðinu. „Næst er það framkvæmdaleyfið og að ljúka við verk-samning við verktaka. Forsenda fyrir því að við getum boðið lága leigu er að framkvæmdin sé hagkvæm, það er því að miklu að huga.“

Er enn hægt að leggja byggingunni lið með einhverjum hætti?

„Já, allur stuðningur við Kvænnaathvarfið nýttist á einhvern máta, til góðra verka og eykur líkur á að vel takist til við þetta stóra verkefni.“

#### Það er líf eftir stjórnsmál

Það eru liðin tvö ár síðan Eygló hætti á Alþingi. Þegar boðað var til kosninga í október 2017 ákvað hún að gefa ekki kost á sér. Hún segist alltaf hafa verið sannfærð um að þingmennska eigi ekki að vera ævi-starf og að þingmenn skuli ekki sitja lengur en átta ár samfellt á Alþingi.

Hún var félags- og húsnæðismálaráðherra frá árinu 2013-2017 og lét þar oft þá spurningu hvort hún sé ekki fegin að vera laus við málþófið, við þingið. „Og þá segi ég nei, því mér fannst mjög gaman á þingi, bæði í stjórnarandstöðu og vera treyst fyrir þessu starfi, hvað þá heilu ráðuneyti. Á Alþingi starfar frábært fólk sem heldur vel utan

um þingmennina, þetta er frábær vinnustaður. Og hentaði mér vel því ég er mjög verkefnamiðuð. Vil fara markvisst í verkefni, klára þau og ná árangri og fara svo í næsta mál. Það er mikilvægt að muna að það er líf eftir stjórnsmál. Ég fór ekki úr stjórnsmálum til þess að gera eitthvað skemmtilegra. Ég fór af því ég vildi gera eitthvað annað skemmtilegt, ég hef mikla þörf fyrir að prófa nýja hluti og fara í ný verkefni og hef alltaf verið þannig að upplagi," segir Eygló.

#### Úr sjálfbodavinnu í starfsnám

En hvernig kom það til að fara í matreiðslunám? „Hugmyndin að því að fara í matreiðslunám kviknaði í eldhúsinu á Kaffistofu Samhjalpar hjá honum Bjarna snæðingi. Ég var í sjálfbodavinnu hjá honum um skeið og leitaði ráða um hvert ég ætti að fara í starfsnám. Hann mælti með Hótel Sögu og snilldarskólanum þar. Meistarinn minn er Ólafur Helgi Kristjánsson, yfirkokkur á Hótel Sögu, og er alveg frábær," segir Eygló sem stefnir á að klára sveinsprófið fyrir fimmtugt.

„Mér finnst bara svo rosalega gaman að elda mat og borða hann líka," segir Eygló og skellir upp úr.

„Ég byrjaði að elda þegar ég var níu ára gömul, fannst móðir mín ekki standa sig alveg nógu vel í eldamenskunni. Hún var nú bara mjög fegin þessum áhuga mínum því henni leiðist oft að elda. Þetta er einn af mínum styrkleikum og ef maður hefur gæfu til þá reynir maður að rækta þá," segir Eygló.

Kokkanámið tekur fjögur ár og er bæði starfsnám og þrjár annir í Menntaskólanum í Kópavogi. Hún segist njóta þess að vera í náminu þrátt fyrir langan vinnudag.



#### ÉG MYNDI GJARNAN VILJA

#### FÁ UMRÆÐU LÍKA UM

#### FÓLK MEÐ HÁSKÓLAPRÓF

#### SEM LANGAR Í IÐNNÁM,

#### KANNSKI ALLTAF VILJAD

#### FAHA Í IÐNNÁM EN SKILA-

#### BODIN VORU AÐ ALLIR

#### YRÐU AÐ FARA Í BÓKNÁM

#### OG Í HÁSKÓLA. VIÐ GETUM

#### GERT ENN BETUR Í AÐ

#### AUÐVELDA FÓLKI AÐ FARA

#### Í IÐNNÁM.

„Þetta er fjölbreytt og spennandi starf og maður vinnur með flottu fólki hvaðanæva úr heiminum. Ég vinn tólf tíma vaktir, vinn í tvo daga, fri í tvo daga og svo vinn ég í þrjá daga. Þannig eru hefðbundnar kokkavaktir, svo snýst rútinan við vikunni á eftir. Auðvitað er þetta álag og þúsluspil en mér liður vel og þegar ég er undir miklu álagi þá er það merkilegt að mér finnst best að ná jafnvægi með því að elda góðan mat hér heima.“

#### Af hverju ekki?

Eygló velti því fyrir sér áður en hún skræði sig til náms að læra húsasmíði.

„Ég hef mikinn áhuga á húsnæðismálum og sótti námskeið í FB með Sígga áður en við byrjuðum að byggja, til að læra á tækin og svona. En svo áttáði ég mig nú á því að styrkleikar hans voru meiri í þessu fagi. Mínir voru í að elda mat og af hverju ekki? Af hverju ekki að breyta til og læra eitthvað nýtt sem manni fellur vel og hefur mikinn áhuga á?“

Nú hefur verið mikil umræða um að iðnnám megi ekki loka leiðum til háskólanáms. „Það er mjög jákvætt og tímabært en ég myndi gjarnan vilja fá umræðu líka um fólk með háskólapróf sem langar í iðnnám, kannski alltaf viljad fara í iðnnám en skilaboðin voru að allir yrðu að fara í bóknám og í háskóla. Við getum gert enn betur í að auðvelda fólk að fara í bóknám og hvetja það betur áfram í það," segir Eygló og segist enn verða vör við það að foreldrar beini börnum sínum frekar í bóknám en iðnnám. „Þetta þarf að breytast. Við erum öll svo ólík og við þurfum að bera meiri virðingu fyrir því í samfélaginu. Öll störf eru mikilvæg.“



# Ný íbúðabyggð í Hveragerði



**OPIÐ HÚS Í DAG, LAUGARDAGINN 15. JÚNÍ KL. 14.00 - 15.00**

## Vandaðar íbúðir á Edenreit komnar í sölu

Verð frá 28,9 millj.



Edenbyggð í Hvergerði, nýtt íbúðahverfi við göturnar Aldinmörk og Edenmörk. Hverfið er skipulagt með framtíðina í huga — frábæra tengingu við göngustíga og þægilega aðkomu að bílastæðum með hleðslumöguleikum fyrir rafbíla. Miðsvæðis er leiksvæði og sælureitur með litlum gróðurhúsum sem íbúar geta fengið að njóta góðs af.

Alls verða 77 íbúðir í hverfinu. Í fyrsta áfanga eru 25 íbúðir, stærð 63–80 fm og eru tveggja þriggja og fjögurra herbergja. Verð frá 28,9 millj. Áætlaður afhendingartími er frá júlí 2019.


Íbúðum verður skilað fullbúnum en án gólfefna en flísar á votrymum.

Skilalýsing ásamt nánari upplýsingum má sjá á heimaíðunni [www.edenbyggd.is](http://www.edenbyggd.is)

Framkvæmdaaðili: Suðursalir ehf.  
Aðalverktaki: JÁVERK ehf.  
Hönnun: T.ark  
Heildarfjöldi íbúða í Edenbyggð: 77  
Fjöldi íbúða í fyrsta áfanga: 25  
Áætlaður afhendingartími: frá júlí 2019  
Stærð íbúða: 63–80 fm (2–4ja herbergja)  
Verð frá: 28.9 millj.

### KYNNING Í DAG

Fulltrúar frá Eignamiðlun og Byr verða á staðnum kl. 14–15 í dag og kynna eignirnar.



Elín Káradóttir  
Framkvæmdastjóri  
Sími 859 5885  
[elin@byrfasteign.is](mailto:elin@byrfasteign.is)



Sveinbjörn Halldórsson  
Löggildur fasteignasali  
Sími 892 2916  
[sveinbjorn@byrfasteign.is](mailto:sveinbjorn@byrfasteign.is)



Grensásvegi 11 · Reykjavík · Sími 588 9090 · [eignamidlun.is](http://eignamidlun.is)



Hilmar Pór Hafsteinnsson  
Löggiltur leigumiðlari,  
löggiltur fasteignasali  
Sími 824 9098, [hilmar@eignamidlun.is](mailto:hilmar@eignamidlun.is)



Daði Hafþórsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 824 9096  
[dadi@eignamidlun.is](mailto:dadi@eignamidlun.is)





## LEIKVANGURINN



## Núverandi ástand Laugardalsvallar

Leikflötin er ekki slétt og undir hana vantar hitalagnir. Í búningsklefa liða vantar eitt salerni í hvorn klefa og 25 geta ekki setið í sama rými. Búningsklefi dómara er of lítil og vantar aðra sturtu. Lyfjaeftirlitsherbergi er of lítið. Aðskilnaður stuðningsmanna aðkomuliðs er ekki varanlegur og er ófullnægjandi og ekki alltaf öruggur. Þá er hvorki salernisaðstaða né veitingasala fyrir þessa stuðningsmenn sem stenst reglur UEFA eða FIFA. Lýsing við innkomu á völlum (utan girðingar) og nánasta umhverfi er ófullnægjandi. Aðgangshlið eru ekki til staðar.

## Einfaldar lausnir

■ Fá svokallaðan „event manager“ eða fyrirtæki til að sjá um landsleiki. Þeir fá hagnaðinn og KSÍ rúkkar ekkert sem hvetur fyrirtækið til að gera þetta almennilega.

■ Hægt að hólfa niður bílastæðin. Vera með

eitt hólf sér fyrir fjölskyldur þar sem vinsælir tónlistarmenn spila, þar eru hoppukastalar, knattþrautir og hægt að reyna að skora á markverði Pepsi-deildarinnar.

■ Matarvagnar geta verið í einu hólf þannig að fólk

geti fengið sér alvöru mat. Hamborgarar úr hitakassa og kaldar pitsur eru ekki matur.

■ Bjórtjald. Bjór og fótþolti hafa haldist í hendur frá örófi alda. Hér er mögnuð bjórmenning og fjölmörg

brugghús myndu vilja taka þátt. Það má setja staðfest á það.

■ Ekki gefast upp. Það er lítil hefð fyrir svona. Fyrst mæta fáir en svo allt í einu er þetta orðin hefð. Leikdagshefð á landsleik.

## Úreltir innviðir

Laugardalsvöllur er fjárhagsleg byrði á KSÍ og þarf Reykjavíkurborg um fyrirjáanlega framtíð að niðurgreiða völlum á hverju ári. Innviðir eru úreltir, miðaframboð er takmarkað, skortur er á aðstöðu og innviðum sem hefur áhrif á upplifun stuðningsmanna. Þetta er meðal þess sem kemur fram í ellefu skýrslum sem birtar hafa verið um nýjan þjóðarleikvang.

## Stofnkostnaður kemur frá hinu opinbera

Fulltrúar ríkis, borgar og Knattspyrnusambands Íslands undirrituðu í janúar 2018 yfirlýsingu um skipun níu manna starfshóps um uppbyggingu Laugardalsvallar. Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, er formaður starfshópsins. Ótrúlegt

en satt er hópurinn aðeins að skoða tvo kosti. Annars vegar völlum fyrir um 17.500 áhorfendur með yfirbyggðum áhorfendastæðum en opnu þaki og hins vegar fjölnota mannvirki fyrir um 20.000

áhorfendur með þaki yfir leikvöllinum sem hægt er að opna og loka eftir þörfum. Kostnaður er metinn á bilinu 7-18 milljarðar sem mörgum finnst ansi stór bita fyrir skattborgara því völlum verður ekki gerður nema stofnkostnaður sé að mestu reiddur fram af hinu opinbera.

Benedikt Bóas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is



## Allt er úti um allt og einhvers staðar

Brennslubræður, Kjartan Atli Kjartansson og Hjörvar Hafliðason, opnuðu á umræðu í vikunni um leikdagsupplifun á landsleik í fótþolti. Þær 90 mínútur sem leikurinn stendur yfir er góð skemmtun en leikdagsupplifunin er vægast sagt slæm þar sem allt er einhvers staðar og ekkert gert til að auka gleði áhorfenda.

Það er ekki í boði í veitingasölu KSÍ sem knattspyrnudeild Þróttar sér um. Starfsstúlkun spurði hvort rúkkad væri sérstaklega fyrir glösin en svo reyndist ekki vera og benti svo á salernið. Þar væri trúlega kalt vatn. Það reyndist rétt. Það þurfti að láta það renna í smá stund.

Fyrir utan pitsusneidina er líka hægt að kaupa hamborgara úr hitakassa en sá bita kostar 1.200 krónur. Af hverju hann er svona dýr gat enginn svarað því gæðin voru vægast sagt ekki upp á margar krónur. Í hornunum á stúkunni er svo hægt

ad kaupa léttbjór og komust nokkrir með plastglösin inn á völlum. Lúmskir.

## Pissublautir mæta í veitingar

Kjartan Atli benti réttilega á óskipulagið í röðunum en hvergi er skipulögð röð á landsleik. Ekkert er hólfað niður eins og víðast þekkt, meira að segja í bíó. Það er merkilegt að upplifa þetta óskipulag. Þeir sem eru frekastir troða sér fremst og gæslan er engin. Hvort sem farið er inn á völlum, á salernið, í veitingasöluna gildir reglan: Feitastir og frekastir fyrst. Börnin svo. Í hálf-

leik fara svo um 10 þúsund manns á þau salerni sem í boði eru og þar er röðin löng og lítið gengur enda ruglast veitingaröðin og salernisröðin oft saman.

Á meðan á leik stendur standa um 30 lögreglumenn vaktina. Fyrir hverja veit enginn en trúlega kveða reglur á um að þeir þurfi að horfa á leikinn. Hvorki fyrir leik né eftir leik stýra þeir umferðinni en drollast á sínum mótörhjólum eða Volvóum í bílaröðinni sem silast áfram. Þá fjölga Strætó ekki ferðum í tengslum við landsleiki

svo herna gildir hið fornkveðna: Mættu á einkabílnum.

Laugardalsvöllur sjálfur er í niðurníðslu og ekki langt þar til FIFA eða UEFA skella í lás. Trúlega er enn styttra í það en okkur grunar því þegar föður Meistaradeildarinnar, Lennarts Johansson, var minnst fyrir leikinn gegn Albaníu kom í ljós að stigataflan var ekki í lagi. Nokkra panela vantaði svo úr varð að þessi merkilegi maður leit út nánast eins og glæpamaður. „Það voru svona svartir blettir á andlitinu á honum, því lík vanvirðing,“ sagði Kjartan í þætti sínum.

## Öllum til skammar

Leikdagsupplifun er öllum til skammar, ekki bara KSÍ heldur ríki og borg. Mannvirkið er ónýtt og sagði Hjörvar að völlum væri ógeðslegur. Það er alveg hægt að taka undir það.

Í nýjasta pistli formanns KSÍ, Guðna Bergssonar, sagði hann það hafa tekið of langan tíma að koma verkefninu í gang af hálfu stjórnvalda en nú horfi til betri vegar. Lokaáfangi sé að hefjast í ákvörðunarferlinu um uppbyggingu vallarins og stjórn undirbúningsfélagsins, sem ákveðið var að stofna fyrir rúmu ári, muni bráðum hefja störf. Hann fór ekki nánar út í hvenær stjórnin myndi hittast og biða margir spenntir eftir fyrsta fundi því öllum er ljóst, innan vallar og utan, að þetta getur ekki gengið svona lengur.





NÝTT  
Laktósafrir



emmessis

2019



LURKAR



with  
skyr  
and organic berries

rjóminn  
af  
sumrinu



emmessis.is

f emmessis



# TÍMAMÓT



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir,  
amma og langamma,

## Dagbjört Guðrún Baldvinsdóttir

áður Brekkugötu 12, Akureyri,

lést 10. júní síðastliðinn á  
Dvalarheimilinu Lögmannshlíð umkringd  
ástvinum. Útför fer fram þann 21. júní klukkan 13.30 frá  
Urðarkirkju, Svarfaðardal. Sérstakar þakkir til starfsfólks  
Lögmannshlíðar fyrir einstaka umönnun og hlýju á  
undanförnum árum.

Jóhann Reynir Arason  
Margrét Baldvina Aradóttir  
Puríður Jóna Aradóttir

Hanna Birna Jónsdóttir  
Benedikt Hjaltason

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær systir og mágkona,

## Linda Anna Ragnarsdóttir

Hjallaseli 55, Reykjavík,

lést 12. júní á eyjunni  
Sifnos í Grikklandi.

Útförin verður auglýst síðar.

Dennis Davíð Jóhannesson

Hjördís Sigurgísladóttir



Ástkær sonur okkar og bróðir,

## Einar Hannesson

Laugavegi 86-94,  
Reykjavík,

lést 7. júní.  
Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju  
miðvikudaginn 19. júní kl. 13.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknaðeildarinnar í  
Kópavogi fyrir góða umönnun.

Hannes Einarsson  
Linda Saennak Buanak  
Sveinn Hannesson  
Stefán Hannesson

Ragnheiður Gísladóttir  
Grétar Hannesson

## Kvennahlaup í þrjátíu ár

Þrítugasta Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ verður hlaupið á yfir 80 stöðum í heiminum í dag,  
um 70 á Íslandi. Það er stærsti almennings-íþróttaviðburður á Íslandi á hverju ári.

**K**onur á öllum aldri hlaupa, skokka eða ganga í dag viðsvegar um land í hinu árlega kvennahlaupi ÍSÍ og sameina með því tvo mikilvæga þætti, hreyfingu og samveru. Hlaupið fer nú fram í þrítugasta skipti og Hrönn Guðmundsdóttir heldur í alla spotta sem sviðsstjóri almenningsíþróttahjá Íþróttasambandi Íslands. „Við erum komin í yfir áttatíu staði sem hlaupið verður á, bæði innan lands og utan. Þetta er orðinn ómissandi viðburður víða um allt land,“ segir hún stolt og rifjar upp að þegar ævintýrið hófst hafi það virst átak að koma konum út að hlaupa. „Þá áttu karlarnir kannski sína tíma í bumbubolta en konurnar voru ekki mikið að hópa sig nema í saumaklúbbum. Öðruvísi en núna þegar konur eru með öflugla hlaupahópa, gönguhópa, hjólahópa og blak.“

Svo rifjar hún upp hvernig allt byrjaði. „Fyrsta hlaupið var í kringum íþróttahátíð ÍSÍ í Garðabæ 1990. Lovísa Einarsson dóttir íþróttakennari kom því á koppinn, hún hafði kynnst svona hlaupum í Finnlandi. Enginn vissi hvort búast ætti við tugum eða hundruðum en 2.000 manns tóku þátt í fyrsta hlaupinu. Þar með var búið að blása byr í segl, ekki varð aftur snúið og þátttakendum fjölgaði með hverju árinu,“ segir hún og bætir við að algengt sé að margir ættliðir, vin-konur eða systur hlaupi saman.

Kvennahlaupið er ekki séríslenskt fyrirbæri en Hrönn segir það þó fram-



Hrönn segir kvennahlaupið ómissandi viðburð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

kvæmt með öðrum hætti hér en annars staðar. „Víða erlendis fer það fram í mörgum borgum á mismunandi tímum þannig að sama konan getur tekið þátt

víða. Sérstada Íslands er sú að hlaupið er á sama degi um allt land og það er líka einstakt fyrir íslenskan íþróttaviðburð.“  
gun@frettabladid.is

Álfræði, hlýja og virðing Við andlát ástvinar




Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn

Við erum til staðar  
þegar þú þarft á  
okkur að halda

Ellert Ingason,  
umsjón sálmaskrár



Útfararþjónusta  
& lögræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbúskiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Klettaskóli, Suðurhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



Elskulegur faðir minn,  
tengdafaðir, afi og langafi,

## Eyjólfur Einarsson

skipasmiðameistari,  
Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 11. júní.  
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju  
föstudaginn 21. júní kl. 13.00.

Friða Eyjólfssdóttir

Guðmundur Þórðarson  
barnabörn og fjölskyldur.



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir og afi,

## Jón Gunnar Skúlason

verkfræðingur,  
Sólbraut 12, Seltjarnarnesi,

lést 7. júní á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.  
Útför hans fer fram frá Neskirkju  
föstudaginn 21. júní kl. 13. Þeim sem  
vildu minnst hans er bent á Parkinsonsamtökin.

Hildigunnur Ólafsdóttir  
Marta María Jónsdóttir  
Jóakim Uni Arnaldarson



Ástkær dóttir okkar,  
systir og barnabarn,

## Þorbjörg Rósa

lést á heimili sínu mánudaginn 3. júní.  
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju  
miðvikudaginn 19. júní kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Gunnhildur Hlöðversdóttir  
Bergrún Kristinsdóttir  
Halldóra Kristinsdóttir  
Hrefna Gunnarsdóttir

Ómar Scheving  
Svanhildur Ómarsdóttir  
Anton Scheving  
Daniel Scheving  
Guðrún Guðmundsdóttir



Elskuleg eiginkona mín og systir,

## Gréta Sigríður Haraldsdóttir

lést 6. júní. Jarðarförin fer fram frá  
Lindakirkju 26. júní kl. 13.00.

Hrafnkell Þorvaldsson  
Sigrún J. Haraldsdóttir



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð  
og vináttu við andlát og útför móður  
okkar, tengdamóður, ömmu  
og langömmu,

## Gréttu Óskarsdóttir

Sólarsölum 7, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki  
æðaskurðeildar Landspítalans Fossvogi.

Helga G. Hauksdóttir Þorsteinn Guðbjörnsson  
Margrét Hauksdóttir Hilmar Kristinnson  
Grétar, Björg, Hildur Ýr, Íris Björk,  
Margrét Helga, Júlía Dóra og Kristbjörn Óli



Ástkær móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

## Krístrún Ólafsdóttir

Skipalóni 22, Hafnarfirði,

lést á Landakotsspítala þann 12. júní sl.  
Útför hennar fer fram frá Garðakirkju  
25. júní, kl. 13.00. Blóm eru vinsamlegast  
afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á  
Gideonfélagið á Íslandi.

Hróbjartur Árnason  
Hjördís Árnadóttir  
Helena Árnadóttir

Sveinbjörg Katrín Pálsdóttir  
Jóhann Jóhannsson  
Tómas Njáll Möller  
og barnabörn.



# COMBO-TILBOÐ



PANINI  
OG GOS\*  
**499** KR  
FULLT VERÐ 978 KR  
ATH! ekki hægt að breyta  
innihaldi, tilbúin vara.



TORTILLA  
OG GOS\*  
**499** KR  
FULLT VERÐ 978 KR  
ATH! ekki hægt að breyta  
innihaldi, tilbúin vara.



PIZZA  
OG GOS\*  
**499** KR  
FULLT VERÐ 978 KR  
ATH! ekki hægt að breyta  
innihaldi, tilbúin vara.



PYLSA  
OG GOS\*  
**549** KR  
FULLT VERÐ:  
748 KR



2 PYLSUR  
OG GOS\*  
**649** KR  
FULLT VERÐ:  
1.077 KR



CROISSANT  
MED ÁLEGGI  
OG GOS\*  
**499** KR  
FULLT VERÐ 878 KR  
ATH! ekki hægt að breyta  
innihaldi, tilbúin vara.



KLEINU-  
HRINGUR OG  
KÓKOMJÓLK  
**399** KR  
FULLT VERÐ:  
628 KR



SNÚÐUR  
OG KÓKOMJÓLK  
**399** KR  
FULLT VERÐ:  
628 KR



BEYGLA  
OG GOS\*  
**499** KR  
FULLT VERÐ 978 KR  
ATH! ekki hægt að breyta  
innihaldi, tilbúin vara.



KAFFI  
OG KLEINA  
**299** KR  
FULLT VERÐ:  
548 KR



SÓMA  
LANGLOKA  
OG GOS\*  
**799** KR  
FULLT VERÐ:  
1.198 KR



SÓMA  
SAMLOKA  
OG GOS\*  
**699** KR  
FULLT VERÐ:  
998 KR




**Kvikk**  
ON THE GO

\*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni



## KRAKKAR




## Konráð <sup>357</sup> og félagar á ferð og flugi

„Hér er skritin þraut,“ sagði Lísaloppa og horfði á alla þessa hringi. „Spurt er hvor rauði hringurinn skyldi nú vera stærri, A eða B,“ bætti hún við hugsi. „Er það ekki augljóst?“ sagði Kata. Lísaloppa horfði nokkra

stund á rauðu hringina. „Nei, ég er ekki alveg viss,“ sagði Lísaloppa og það mátti næstum heyra hana brjóta heilann. „Þetta er kannski einhver sjónhverfing,“ bætti hún við. „Hu, sjónhverfing,“ hnussaði í Kötu. „Alltaf verið að rugla í manni endalaust.“ En núna var hún líka orðin forvitin og horfði hugsi á rauðu

hringina. Svo leit hún á Lísuloppu. „Það er verið að plata okkur, er það ekki?“ Lísaloppa svaraði ekki, hún var djúpt hugsi.



## Lestrarhestur vikunnar: Viðar Nói Hansson

**Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar?** Myndasögu-bækur eins og dagbók Kidda klaufa.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Kidda klaufa og sumarfríð hans.

**Hvaða bók ætlaðu að lesa næst?** Öruglega nýjustu Kidda klaufa bókina.

**Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún?** Ég mundi skrifa sögu um mig, í sama stíl og Kiddi klaufi er.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í upphaldi hjá þér?** Umhverfis Ísland í 30 tilraunum eftir Ævar var lengi í miklu upphaldi.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Mætti vera duglegri, þarf að finna bókasafnskortið mitt aftur.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Tölvuleikir, að teikna og skrifa sögur.

**Í hvaða skóla ertu?** Vesturbæjar-skóla.



Viðar Nói, 11 ára, er ánægur með bókina sem hann fékk.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi og takið þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



Ronja Björk við mynd af sjálfri sér frá því hún var lítil. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Kenni sjálfri mér heljarstökk og kraftstökk

Ronja Björk Bjarnadóttir, tólf ára, var ráðgjafi við gerð bókar sem afi hennar, Sverrir Björnsson, skrifaði og er nýlega komin út. Bókin heitir Nýr heimur – Ævintýri Esju í borginni og fjallar um fjallastelpuna Esju og strákinn Mána. En fyrsta spurning til Ronju er:

**Er Esja alltaf góð?**

Maður gæti alveg hugsað sér það en stundum gerir hún eitthvað klaufalegt af sér.

**Hvernig strákur er Máni?**

Hann er finnr, hann hjálpaði Esju þegar hún átti enga vini og þá byrjaði hún að treysta. Hún hafði verið löng í einelti uppi í fjallinu af því að hún gat sungið.

**En hvað ætlar þú að gera í sumar?**

Ég kenni sjálfri mér heljarstökk og kraftstökk á trampólíninu, leik við vinkonur mínar og ætla með þeim á hestanámskeið. Ætla líka að fara til Englands á ættarmót. Það er mitt fyrsta.

**Hefur þú farið til útlanda áður?**

Já, við fórum árlega í skíðaferð og stundum til Tenerife. Svo hef ég farið kringum landið, það er líka gaman.

**Hvað finnst þér fallegast að sjá á Íslandi?**

Einu sinni fór ég í íshelli og þar voru grýlukerti bæði úr loftinu og gólfinu, það var sérstakt en mér finnst hraun sem er þakið mosa fallegast.

**Hvernig er að heita Ronja?**

Alveg ágætt. Ég var samt ekki ánægð með það þegar ég var í leikskóla, því þá sögðu leikskólakennararnir nafnið mitt eins og rassálfarnir í Ronju ræningjádóttur.

**Ronja ræningjádóttir er mikið náttúrubarn. Ert þú það líka?**

Já, ég mundi alveg þora að segja það.

**Kannski fjallastelpa eins og Esja í bókinni?**

Þínu. Það er fjall fyrir ofan sumarbústaðinn okkar og mér finnst gaman að klifra þar upp og hafa kósi. Rétt hjá toppnum er hellir með fullt af mosa og fyrir ofan hann er hola, þar skín sólin inn.

**Hjálpaðir þú afa þínum með bókina Nýr heimur?**

Já, þetta er sko gamla náttúrufræðingur mín, frá því ég var í pössun hjá afa mínum, þá sagði hann mér þessa sögu oft. Það hefur alltaf verið best að koma til ömmu og afa út af sögunum.

**Búa þau til sögunar sjálf?**

Já, afi sagði frænku minni söguna um Esju á undan mér svo hún er búin að vera til lengi og er alltaf góð.





# PIER

## RÝMINGARSALA

# PIER SMÁRATORGI

# 40-70% AFSLÁTTUR

MATARSTELL OG GLÖS  
50% AFSLÁTTUR

40-70% AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM PÚÐUM

30-70% AFSLÁTTUR  
AF SUMARVÖRUM

50-70% AFSLÁTTUR  
AF KERTUM OG ILMUM

VERSLUNIN FLYTUR Á KORPUTORG  
AFSLÁTTUR GILDIR AÐEINS Á SMÁRATORGI



[www.pier.is](http://www.pier.is)

Gildir 13. júní - 19. júní. \*Gildir ekki með öðrum tilboðum.  
17. júní - ÓPIÐ Á SMÁRATORGI

SMÁRATORG

LAU 10-18  
SUN 12-18  
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

KORPUTORG

LAU 12-18  
SUN 12-18  
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

SELFOSS

LAU 10-18  
SUN 12-18  
VIRKIR DAGAR 11- 18:30



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

<b>Reykjavík</b>  <b>17</b>   <b>3</b> °C   ↘	<b>Ísafjörður</b>  <b>14</b>   <b>4</b> °C   ←	<b>Akureyri</b>  <b>16</b>   <b>4</b> °C   ↑
<b>Egilsstaðir</b>  <b>7</b>   <b>6</b> °C   ↙	<b>Kirkjubæjarkl</b>  <b>9</b>   <b>5</b> °C   ↙	<b>Hveravellir</b>  <b>15</b>   <b>7</b> °C   ↙

Norðaustlæg eða breytileg átt 5-13 m/s, hvassast með suðausturströndinni, en hægari austlæg átt. Skýjað um austanvert landið en bjart veður vestan til. Dálítil rigning sunnanlands, en skýjað með köflum og þurr annars staðar. Hiti frá 8 stigum norðaustan til upp í 20 stig á Suður- og Vesturlandi.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
<b>Reykjavík</b>  <b>10</b>   <b>2</b> °C   ↘	 <b>14</b>   <b>2</b> °C   ↑	 <b>11</b>   <b>4</b> °C   ↓	 <b>11</b>   <b>3</b> °C   ↙	 <b>11</b>   <b>3</b> °C   ↘	
<b>Ísafjörður</b>  <b>16</b>   <b>4</b> °C   ←	 <b>6</b>   <b>4</b> °C   ↙	 <b>4</b>   <b>5</b> °C   ↙	 <b>4</b>   <b>3</b> °C   ↓	 <b>5</b>   <b>2</b> °C   ↓	
<b>Akureyri</b>  <b>17</b>   <b>3</b> °C   ↘	 <b>9</b>   <b>2</b> °C   ↓	 <b>5</b>   <b>2</b> °C   ↓	 <b>4</b>   <b>2</b> °C   ↘	 <b>6</b>   <b>2</b> °C   ↓	
<b>Egilsstaðir</b>  <b>12</b>   <b>4</b> °C   ↙	 <b>5</b>   <b>3</b> °C   ↙	 <b>7</b>   <b>2</b> °C   ↓	 <b>6</b>   <b>1</b> °C   ↘	 <b>9</b>   <b>2</b> °C   ↓	
<b>Kirkjubæjarklaustur</b>  <b>13</b>   <b>2</b> °C   ↑	 <b>10</b>   <b>3</b> °C   ↑	 <b>8</b>   <b>4</b> °C   ←	 <b>9</b>   <b>3</b> °C   ↙	 <b>10</b>   <b>2</b> °C   ↑	
<b>Hveravellir</b>  <b>15</b>   <b>5</b> °C   ↙	 <b>13</b>   <b>5</b> °C   ↙	 <b>8</b>   <b>5</b> °C   ↙	 <b>4</b>   <b>4</b> °C   ↓	 <b>6</b>   <b>4</b> °C   ↙	

1989 **30** ÁRA 2019

# KOMDU Í KOLAPORTIÐ

**OPIÐ ALLAR HELGAR FRÁ KL. 11.00-17.00**

## KOLAPORTIÐ

DÁSAMLEG DEILD SAMFÉLAGSINS

**Erum með mikið úrval af allskonar bílaverkfærum á frábæru verði!**

VIAir 12V loftdælur í miklu úvali.

**7.495**

Jeppatjakkur 2.25t 52cm.

**17.995**

Omega Viðgerðarkollur

**4.995**

6T Búkkar 605mm Par

**9.999**

## Verkfæralagerinn

Smáratorgí 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

## Pondus

Eftir Frøde Øverli

Bjarni... Náðu í blaðið!  
Flinkur voffil! Flinkur voffil!  
Jeminn! Þið hafið aldeilis alið Bjarna vel upp!  
Ekki aldeilis! Þegar Pondus á í hlut er enn langt í land!  
Bjarni... farðu aftur til Títas og Baltasars!

## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Hvað er þetta glitrandi á höndunum á þér, Sara?  
Glitryk. Ég setti það á sérstaklega fyrir þig.  
Hvað er þetta gráa út um allt herbergjið þitt?  
Venjulegt ryk. Það er hérna burtséð frá þér.  
Við erum mjög ólík, finnst þér ekki, Palli?

## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Megum við fá smáhest, pabbi?  
\*andvarp\*  
Í þúsundasta skipti, nei nei og aftur nei! Og þetta er algjört lokasvar!  
Málið er enn þá í skoðun.


## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.


Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



## Lausnarorð síðustu viku var KOLEFNISJÖFNUN



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt birtist tímabil í ævi fólks. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. júní á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „1. júní“.



FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Lasarus** eftir **Kepler** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sigurbjörn Guðmundsson, Reykjavík**.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- 1 Þessi vargur lenti í öðru sæti (11)
- 11 Klukkur mæla væna og ráðsnjalla snót (10)
- 12 Tilveru andfuglanna má rekja til hinna nauðsynlegu púlva (9)
- 13 Flaska hulin kvenhamlandi efni eins og ósýnileg hindrunin (9)
- 14 Morð Kains á Abel er sagt hið fyrsta af þessu tagi (9)
- 15 Hin fullnýtta runa rann aðeins til (4)
- 16 Slæg umlykur tað og fer hvergi (7)
- 17 Frægt spilið getur öllu breytt ef þekkingin leyfir (9)

- 18 Slór karlanna á slóð refanna (12)
- 24 Stend í litabrási í brenglaðri fjarlægð milli díla í tölvuteikningu (9)
- 29 Styrkja koffort fyrir hnúð (11)
- 30 Friðar finar fjölskyldur (10)
- 31 Afviðnum í kynbætta birkinu sem kvæðið er um (11)
- 32 Það er öflug samstaða um að watt sé lausnin (10)
- 33 Eimpípa losar um dampa og flugskeyti (7)
- 35 Skógarbóndi hentar þessu tilefni (9)
- 37 Mun sú lausmálga verða heil? (4)
- 38 Nú er tími ákveðinna iðn- aðarmanna og langtíma-

- skuldbindinga þeirra við leikhúsin (10)
- 41 Taka tarnir við góðgæti og klakabrynjur (9)
- 43 Steingeld og ekki til neins, þessi grey (4)
- 45 Tel þetta mesta feng sögunnar (7)
- 46 Einhverjar vilja helst jód í júlí (9)
- 47 Tuð um okkur sem tuðum um allt (6)
- 48 Minnst á rög án lastmæla (7)

- LÓÐRÉTT**
- 1 Skráir afhendingu metsölurits gegn gjaldi (9)
- 2 Aldur heilara hans hátígnar (9)
- 3 Huslar himintungl og hnateldingu (9)
- 4 Rifur kjaft út af sjó og spýtum (9)
- 5 Ætli veifa blási á þau sem eru að veifa henni? (9)
- 6 Er víðfeðm alheimstunga frænka latinunnar? (8)
- 7 Gafst þrisvar upp á þessu sporti (8)
- 8 Það sem þú þarft að fatta er að ég þarf að greina á milli (8)
- 9 Þau góðu gera upp á milli ruglaðra og leiðinlegra (8)

- 10 Tel að kviksyndi og kjaftar séu jafnan keypt að utan (8)
- 19 Oft er gras á gömlum hjöllum (9)
- 20 Bitrar konur lifa stormasamar nætur (7)
- 21 Leikfangaskip á túr með Skagaleikflokknum (7)
- 22 Vodarboginn fangar fifl og kóð/á vefnum jafnt sem veidislóð (10)
- 23 Stafa flaug rangt ef tré fella blóðin of snemma (10)
- 25 Lagningar hagnaðar auðvelda útborgun hans (12)
- 26 Dregur upp rafheila með rafheila (12)
- 27 Þetta viðbit er málamiðlun (9)

- 28 Kemst auðveldlega í hús með höfrunginn (7)
- 29 Ásar eru á meðal þess sem gerir mér lífið leitt (7)
- 34 Fljótfar latinustjarna er fórnarlamb þeirra sem fljótust eru (7)
- 36 Elska þetta hús og flónið sem í því býr (6)
- 37 Dvergur flýr undan rógnum, enda í miklu upp-námi (6)
- 39 Hér er fastaher, segir fiskurinn smái (5)
- 40 Undirfótaraverki gefur góða lykt (5)
- 42 Skyldu áform um stæði standast? (4)
- 44 Rifum upp bogafát (4)

### LÉTT

			6		
9	4		7	2	
7	5	1	9		4
		9		6	
4	7		2		1
	8		1	7	
			4		8
8		4			2
1					

### MIDLUNGS

		9		8	1		3	
			8	9				
3					7	5		1
5	7	4			8	2		
						4		1
	2							8
6					2	9		
9	3	1	5					7
				3		5	6	

### PUNG

			5					
		4					3	
1		7	8					1
9				1		4	8	6
			6			5		3
							8	
6	5	4			8			9
2				5		9	4	
						1		8

### Skák Gunnar Björnsson

#### Hvítur á leik



Tan Zhongyi (2.513) átti leik gegn Alexöndru Kosteniuk (2.546) á áskorandamóti kvenna í Kazan í Rússlandi.

**20. Be8! Kf8** (20...Hxe8 21. Dxd7 er vonlaust). **21. f7 Ba8 22. Hxb8 Hxb8 23. Re5** og hvítur vann skömmu síðar. Magnús Carlsen vann öruggan sigur á Norway Chess-mótinu sem lauk í gær í Stafangri. Hrókurinn og Kalak standa fyrir þjóðhátíðarmóti í Pakkhúsinu á 17. júní. [www.skak.is](http://www.skak.is): Norway Chess mótið.

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

7	8	3	4	9	5	2	1	6
6	9	2	7	3	1	5	8	4
1	4	5	2	6	8	3	7	9
2	6	8	5	1	9	4	3	7
3	7	1	6	2	4	8	9	5
4	5	9	3	8	7	1	6	2
8	3	4	9	7	2	6	5	1
5	1	7	8	4	6	9	2	3
9	2	6	1	5	3	7	4	8

7	1	5	8	2	9	6	4	3
8	4	6	5	7	3	2	9	1
3	2	9	4	6	1	5	7	8
1	9	7	3	4	5	8	2	6
